




Að falla á prófinu

Bls. 3

Verjum markmið samninganna

Bls. 4

Í heita pottinum

Bls. 17

Hvetjandi verðlaun

Bls. 24

Sumarferðir

Bls. 37

Uppsagnarfrestur gildir alltaf

Bls. 55

Náðu jafnvægi



PHOTO: AND THORSSON/STUDIO 54

Sundstaðir í Reykjavík eru einstök heilsulind.
Þú stælir líkama í lauginni.
Þú hvílir hugann í pottinum.
Þú sækir orku og frið í heitt gufubað.
Byrjaðu nýtt og betra líf á næsta sundstað.



Útgefandi:

Efling-stéttarfélag
Sættúni 1

Ábyrgðarmaður

Sigurður Bessason

Ritstjóri

Þráinn Hallgrímsson

Blaðamenn

Sigrún Hafstein
Róbert Ágústsson

Ritstjórn

Guðmundur Þ. Jónsson
Sigurður Bessason
Þórunn Sveinbjörnsdóttir

Starfsmenn á skrifstofu

Fjóla Jónsdóttir
Garðar Vilhjálmsson
Guðmundur Þ. Jónsson
Guðrún Kr. Óladóttir
Hildur Kjartansdóttir
Hjálmarfríður Þórðardóttir
Hjördis Baldursdóttir
Hjördis Þorsteinsdóttir
Hulda Hafsteinsdóttir
Ingunn Þorsteinsdóttir
Kristjana Valgeirsdóttir
Sigurður Bessason
Sigurlaug Gröndal
Sigríður Ólafsdóttir
Sveinn Ingvason
Tryggvi Marteinsson
Viktória Jensdóttir
Þórdís Andrésdóttir
Þórir Guðjónsson
Þórunn Sveinbjörnsdóttir
Þráinn Hallgrímsson

Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta

Björk Stefánsdóttir
Elin Baldursdóttir
Hallsteinn Friðbjófsen

Starfsafl

Marianna Traustadóttir

Útlit og umbrot

Einn, tveir og þrír, auglýsingastofa

Prentun og bókband

Oddi hf.

Auglýsingar

Hænis sf

Ljósmyndir og aðstoð við útgáfu

Róbert Ágústsson

Forsíðumynd

Haustrmynd úr Borgarfirði, R.Á.

Aðsetur

Efling-stéttarfélag
Sættúni 1
sími 510 7500/fax 510 7501

Úthlutunarnefnd

Útborgun atvinnuleysisbóta er annan hvern fimmtu-
dag. Atvinnuleysisbætur eru greiddar inn á bankareikn-
ing viðkomandi.

Sími úthlutunarnefndar er 510 7510
myndsending: 510 7511

Að falla á prófinu

Þegar ASÍ og SA gengu frá samkomulagi um samningsforsendur kjarasamninga 13. desember s.l. hvarlaði ekki að neinum að sá aðili sem falla myndi fyrstur á prófinu yrði ríkisvaldið sjáft - sama ríkisvald og hafði gefið út afdráttarlausa yfirlýsingu í tengslum við samninginn.

Það er dapurlegt ef það er svo að ríkisstjórn Íslands telji að yfirlýsingarnar einar dugi og þar með sé þeirra þætti í málinu lokið. Þetta er í hnotskurn sá mikli og alvarlegi vandi sem við eigum við að glíma í dag. Það vill í reynd enginn axla ábyrgðina en þegar og ef árangur kemur í ljós þá vilja sem flestir njóta ávaxtanna.

Dæmigerð í þessu efni voru viðbrögð fjármálaráðherra þegar hann greip til þess ráðs að afsaka þátt ríkisvaldsins með því að kenna versluninni um hækkanirnar. Vissulega á verslunin sinn þátt í verðbólgunni en fyrst og fremst er það þó þáttur ríkisins og sveitarfélaganna núna sem skapar vandann enda hafa þessir aðilar gengið fram fyrir skjöldu með einhliða hækkunum.

Með þessu hafa ríki og sveitarfélög stóraukið líkurnar á því að aðgerðir stéttarfélaganna og atvinnurekenda mistakist.

Hér með er skorað á ríki og sveitarfélög að draga þegar í stað allar hækkanir undanfarið til baka og sýna þannig í verki að meaning er bak við undirskriftir og stóru orðin.

Skilaboð til stjórnenda fyrirtækja

Atvinnuleysi hefur aukist mjög hratt allt s.l. haust og ljóst er að í farvatninu eru uppsagnir hjá ýmsum aðilum sem ekki hafa ennþá komið til framkvæmda. Jafnhliða þessum uppsögnum hafa fyrirtæki verið að segja upp fastri yfirtíð, yfirborgunum launa sem og ýmsum öðrum ákvæðum sem umsamin eru á vinnustað og sem ná lengra en hefðbundin kjarasamningsákvæði.

Það er ljóst að mörg fyrirtæki hafa verið að nota sér umræðuna í samfélaginu um niðursveiflu sem ástæðu fyrir uppsögnunum án þess að farið sé að sverfa að þeim að því marki sem gerir þessar aðgerðir nauðsynlegar. Þetta getur valdið hraðari niðursveiflu án þess að brýn þörf sé hjá fyrirtækjum. Vissulega hefur dregið úr framkvæmdum en það er ekkert óeðlilegt við það miðað við árstíma. Ljóst er einnig að það fólk sem hefur minnstu menntunina og veikasta stöðu á vinnumarkaði missir oftast fyrst vinnuna á vinnustaðnum.

Öll el styttr upp um síðir. Merki um bata í efnahagslífinu má sjá á sjóndeildarhringnum. Það dýrmætasta í fyrirtækjum er gott starfsfólk og það er líka dýrt að þjálfa nýtt fólk til starfa. Mikilvægt er að falla ekki í freistni billegu lausnanna að segja upp starfsmönnum í eldhúsinu og ræstingunni þegar illar árar. Efling - stéttarfélag hvetur stjórnendur fyrirtækja að viðhalda stöðugleikanum í stað þess að fara út í stórfelldar uppsagnir sérstaklega í ljósi þeirra fjölda óska frá fyrirtækjum á síðastliðnu hausti um ný atvinnuleyfi fyrir erlent vinnuafli.

Sigurður Bessason

EFNISYFIRLIT

Verjum markmið samninganna	4	Fræðandi og skemmtilegt	33
Tollar lækka	8	Hvað fæ ég endurgreitt?	34
Vinnustaðafundir	9	Nám í öryggisþjónustu	36
Viðhorfskönnun	10	Sumarferðir	37
Ekki fjarlægur veruleiki	14	Hugur í mönnum	38
Í heita pottinum	17	Starfstengd námskeið	40
Endalaus snjómokstur	18	Félagsliðar	43
Hættur að reykja	21	Hafnarskólinn	44
Áhættumat	22	Nám fyrir trúnaðarmenn	46
Hvetjandi verðlaun	24	Þetta eru þínir peningar	53
Páskaúthlutun	26	Uppsagnarfrestur gildir alltaf	55
Hver fær afföllin?	30		



Á myndinni eru: Finnbjörn Hermannsson, Sigurður Bessason og Hannes G. Sigurðsson. Hluti af nefnd þeirri sem undirritaði samkomulagið um frestun á mati á samningsforsendum

Sigurður Bessason, formaður Eflingar

Viljum verja meginmarkmið samninganna

- ef það mistekst geta samningar verið lausir í haust

Meginmarkmið okkar er að sporna kröftulega við þeirri verðbólgu sem blasir við. Verkalýðshreyfingin hafði allt síðastliðið ár varað ríkistjórnina við afleiðingum mistaka við stjórn efnahagsmála sem endurspegladist í hraðri uppleið verðbólgunnar og veiku gengi krónunnar. Ekki er deilt um að án aðgerða fram í febrúar hefðu kjarsamningar verið lausir. Við vildum enn láta reyna á meginmarkmið samninganna um að treysta kaupmátt og viðhalda stöðugleika. Til þess höfum við tíma fram í maí. Ef það tekst ekki geta samningar verið lausir frá og með haustinu, sagði Sigurður Bessason, formaður Eflingar-stéttarfélags í viðtali við Fréttablað Eflingar.

Í ljósi þessarar stöðu var farið að vinna að því að finna leið að niðurstöðu. Ein megináhersla okkar var að ef samkomulagið gengi ekki eftir væri enn til staðar sá möguleiki að segja upp samningum þó uppsögninni yrði frestað fram í maí.

Samkomulag aðila miðast fyrst og fremst að sporna við þeirri óheillaþróun sem átt hefur sér stað á síðast liðnu ári þar sem verðbólgan hef-

ur hækkað mjög hratt. Ljóst er að svo há verðbólga sem mældist í árslok fer mjög illa með kaupmátt fólks og sérstaklega þeirra sem eru á lægstu launinum. Jafnframt er aðgerðum ætlað að styrkja gengi krónunnar og skapa möguleika til lækkunar vaxta. Gengið er útfrá að vísitala neysluverðs verði ekki hærri en 222,5 stig í maí 2002 sem samsvarar til 3% verðbólgu.

Sá árangur sem stefnt er að með gerð þessa samkomulags verður ekki varinn nema allir aðilar leggist á árarannar. Þetta er sameiginlegt verkefni í þjóðfélaginu. Stjórnvöld, sveitarstjórnir og allir áhrifaaðilar að verðlagi þurfa að koma að þessu. Það þýðir heldur ekki að fyrir einstaka aðila að verja sérhagsmuni sína með því velta hækkunum út í verðlagið. Annað hvort standa menn saman að þessu átaki eða ekki. Ef samkomulagið mistekst liggur fyrir að málið er komið inn á borð einstakra stéttarféлага svo og ákvörðunin um hvort þau segja upp samningum á komandi hausti eða ekki, sagði Sigurður Bessason, formaður Eflingar.



GOTT FOLK. HUGNIN-ERIKSSON - SÍA - 17281

Þú gætir átt von á góðum fréttum.



**HAPPDÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS**

Fáðu þér miða í 800 6611 eða á hhi.is



Samningur milli ASÍ og SA

Rautt strík í maí og launaliður uppsegjanlegur ef forsendur bresta

Verðbólga hefur farið ört vaxandi á undanförunum mánuðum. Að óbreyttu stefnir í að verðbólga verði utan þeirra marka sem byggt var á við samningsgerðina vorið 2000. Það er mikið hagsmunamál, jafnt launafólks og fyrirtækja, að komið verði í veg fyrir að mikil verðbólga festist í sessi og því nauðsynlegt að gripið verði til mótvægisáðgerða.

Stöðugleiki á vinnumarkaði er mikilvæg forsenda stöðugleika í verðlags- og gengismálum. Það er því mikilvægt framlag til aukins stöðugleika í efnahagslífinu að draga úr óvissu um kostnaðar- og verðlagsþróun á næsta ári. Próunin ræðst þó ekki síst af ákvörðunum stjórnvalda og Seðlabanka.

Að undanförunu hafa fulltrúar ASÍ og SA átt viðræður við fulltrúa ríkisstjórnar og Seðlabanka um leiðir til að treysta stöðugleika og minnka verðbólgu. Ræddar hafa verið hug-

myndir um samstilltar áðgerðir sem stuðlað geti að hækkun gengis krónunnar, minnkandi verðbólgu og lækkun vaxta.

Niðurstaða framangreindra viðræðna liggur nú fyrir, sem m.a. kemur fram í yfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands dags. 12. desember 2001. Er það mat samtakanna að efnahagslegar forsendur séu fyrir umtalsverðri styrkingu krónunnar og rök fyrir því að það gerist á allra næstu mánuðum. Gangi það eftir og áhrif þess á verðlag verði markverð má vænta þess að hratt dragi úr verðbólgu á næstunni og verðbólguforsenda kjarasamninga standist.

Í ljósi samráðs ASÍ, SA og ríkisstjórnar um samstilltar efnahagsáðgerðir hafa aðilar komist að eftirfarandi samkomulagi:

Alþýðusamband Íslands, fyrir hönd aðildarsamtaka sinna, annars vegar og Samtök atvinnulífsins hins vegar hafa komist að samkomulagi um eftirfarandi:

1. Rautt strík

Samningsaðilar eru sammála um að verði vísitala neysluverðs eigi hærri en 22,5 stig í maí 2002 teljist verðlagsforsenda kjarasamninga hafa staðist. Standist þessi forsenda ekki eru launaliðir viðkomandi kjarasamninga uppsegjanlegir í maí með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.

2. Viðbótarframlag í séreignarsjóð

Samkvæmt gildandi kjarasamningum er vinnuveitanda skylt frá 1. janúar 2002 að greiða 2% mótframlag í séreignarsjóð (eða eftir atvikum sameignarsjóð) gegn 2% viðbótarframlagi launamanns. Samkomulag er um breytingar á þessu ákvæði þannig að frá og með 1. júlí 2002 munu vinnuveitendur greiða 1% framlag í séreignarsjóð launamanns án framlags af hálfu launamanns. Áfram gildir reglan um 2% mótframlag gegn 2% viðbótarsparnaði launamanns og leiðir þessi viðbót ekki til hækkunar á því. Framangreind breyting gildir þó ekki í þeim tilvikum þar sem lög- og samningsbundin lífeyrisframlög vinnuveitanda eru samtals 7% eða hærri. Framlag þetta greiðist til séreignardeildar þess lífeyrissjóðs sem viðkomandi launamaður á aðild að, nema launamaður ákveði annað.


3. Almenn launahækkun 1. janúar 2003

Samkomulag er um að almenn launahækkun þann 1. janúar árið 2003 verði 0,40% hærri en ella.

Framangreindar viðbætur við kjarasamninga um viðbótarframlag í séreignarsjóði og almenna launahækkun 1. janúar 2003 eru háðar því að verðlagsviðmiðun samkvæmt 1. tl. hér að framan standist í maí 2002 og að ekki komi til uppsagnar launaliðar kjarasamninga. Verði launalið kjarasamninga sagt upp í maí 2002 koma viðbæturnar ekki til framkvæmda.

Viltu leika við augað?

(Einblíndu á miðjuna og færðu þig svo nær)



Námskeið vorannar 21. jan. - 4. maí 2002 Innritun hafin

Símenntun, fullorðinsfræðsla, framhaldsskólastig,
undirbúningur fyrir inntökupróf fornámsdeildar,
barna- og unglinganámskeið.

Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar vegna samkomulags ASÍ og SA

Tollar á grænmeti lækkaðir og felldir niður

1. Stöðugleiki í efnahagsmálum

Efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar sem meðal annars er lögð til grundvallar í fjárlögum ársins 2002 miðar að því að tryggja stöðugleika í efnahagsmálum, styrkja undirstöður atvinnulífsins og stuðla að bættum lífskjörum. Mikilvægt er að þessi sjónarmið séu einnig höfð að leiðarljósi við ákvarðanir í launa- og verðlagsmálum. Ríkisstjórnin lýsir stuðningi við þau markmið sem aðilar vinnumarkaðarins hafa náð samkomulagi um.

2. Aðhald í ríkisfjármálum

Ríkisstjórnin telur afar mikilvægt að áfram verði fylgt aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum. Í fjárlögum fyrir árið 2002 er gert ráð fyrir sama afgangi og ákveðinn var í fjárlagafrumvarpinu þrátt fyrir að staða efnahagsmála hafi heldur fæst til verri vegar að undanfögnu. Með þessari ákvörðun eru send afar skýr skilaboð til allra aðila um að meginmarkmið stjórnvalda í efnahagsmálum nái fram að ganga. Áform ríkisstjórnarinnar um sölu ríkisfyrirtækja, uppbyggingu stóriðju og fyrirhugaðar breytingar á

skattalegu umhverfi einstaklinga og atvinnulífs styðja þessi markmið.

3. Lánamál ríkissjóðs

Stefnan í lánamálum ríkissjóðs tekur einkum mið af almennri þróun efnahagsmála og mun taka tillit til markmiða samkomulags aðila vinnumarkaðarins, og stöðunnar á innlendum lánamarkaði. Þetta getur falið í sér breytingar á lánasamsetningu ríkissjóðs án þess að um aukningu heildarskulda verði að ræða. Ríkissjóður hefur á þessu ári aukið lántökur sínar á erlendum markaði í því skyni að styðja við gengi krónunnar og hamla gegn verðbólgu. Á innlendum lánamarkaði verður áfram stefnt að því að styrkja vaxtamyndun og auka skilvirkni markaðarins. Á árinu 2002 verður þannig horft jafnt til áhrifa lánamála ríkissjóðs á gengi krónunnar og langtímaáhrifa á innlenda eftirspurn og verðbólgu.

4. Lækkun á grænmetisverði og verðkannanir

Ríkisstjórnin mun í samræmi við tillögur nefndar fulltrúa stjórnvalda, aðila vinnumarkaðarins og bænda beita sér fyrir því að tollar á grænmeti verði felldir niður á nokkrum mikilvægum afurðum og í öðrum tilvikum lækkaðir verulega. Í staðinn verða m.a. teknar upp beingreiðslur til framleiðenda. Þessar ráðstafanir munu leiða til verulegrar lækkunar á grænmetisverði til neytenda og stuðla að lækkun verðbólgu. Þessu verður fylgt eftir með öflugri upplýsingagjöf um verðmyndun á þessum vörum.

Verðkannanir ASÍ á öðrum sviðum eru einnig mikilvægar til þess að hafa áhrif á verðlag og verður sú starfsemi efl.

5. Efling starfsfræðslu í atvinnulífinu

Ríkisstjórnin mun í samstarfi við Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins beita sér fyrir endurskipulagningu á starfsfræðslu í atvinnulífinu. Markmiðið er bæði að auka framboð á starfsfræðslu og tryggja starfsemina. Samhliða því verði þessum málum komið í fastari skorður með skilvirkari samvinnu þeirra aðila sem sinna þessum verkefnum.

6. Lækkun tryggingagjalds

Gangi verðlagsmarkmið kjarasamninganna eftir mun ríkisstjórnin beita sér fyrir lækkun tryggingagjalds um 0,27%, eða úr 6% í 5,73%, á árinu 2003. Ríkisstjórnin leggur áherslu á að áfram verði ítrasta aðhalds gætt í ríkisfjármálum til þess að tryggja stöðugleika í efnahagsmálum til frambúðar. Þessi markmið verða höfð að leiðarljósi við undirbúning og gerð fjárlaga fyrir árið 2003.

Krabbameinsrannsóknir:

Framvegis þarf að skila kvittunum til Eflingar vegna breytinga á skattalegri meðferð styrkja

Vegna breytinga á skattalegri meðferð styrkja og sjúkrabótakerfi Eflingar verður hætt að senda beiðnir frá félaginu til Krabbameinsfélagsins vegna grunnskoðanna. Framvegis verður að koma með kvittanir frá Krabbameinsfélaginu á skrifstofu Eflingar fyrir 20. hvers mánaðar og verður styrkjum vegna þeirra greiddir inn á reikninga umsækjanda næstu mánaðarmót á eftir. Þá er heimilt að póstsenda kvittun frá Krabbameinsfélaginu til Eflingar, enda komi fram bankastofnun, höfuðbók og reikingsnúmer umsækjanda. Allir styrkir sjúkrasjóðs verða framvegis framtalsskyldir.

Sjúkrasjóður Eflingar-stéttarfélags

Nefnd ASÍ og SA um samningsforsendur

Endurskoðun og frestun á mati á samningsforsendum



Í kjarasamningum Flóabandalagsins, Starfs- greinasambandsins og Samiðnar við Samtök atvinnulífsins er samhljóða ákvæði um samningsforsendur. Kveðið er á um skipan sérstakrar nefndar sem hafi það hlutverk að leggja mat á það hvort forsendur hafi staðist. Skal mat nefndarinnar fara fram í febrúarmánuði árin 2001, 2002 og 2003. Í flestum öðrum kjarasamningum á almennum markaði er tilvísun til niðurstaðna nefndarinnar. Nefndin skal fjalla um það á ofangreindum tímapunktum hvort sú forsenda sem samningarnir hvíla á, að verðbólga hafi farið minnkandi, hafi staðist. Hafi sú forsenda brugðist er launaliður samninganna uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.

Fyrsta mat nefndarinnar á forsendum fór

fram í marsbyrjun þessa árs. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu þann 6. mars sl. að verðþróunarákvæði samninganna hefðu staðist og að með tilteknum breytingum á launalið samninganna væri ekki tilefni til uppsagnar þeirra.

Í ljósi samnings milli ASÍ og SA, dags. 13. desember 2001, og honum tengd yfirlýsing ríkisstjórnar Íslands, dags. 13. desember 2001, liggur fyrir að ekki verður um frekara mat á samningsforsendum á árinu 2002 að ræða af hálfu nefndarinnar. Samningur ASÍ og SA kveður á um skýrt viðmið sem fastsetur uppsagnarheimild vegna verðbólguforsendna m.v. maí 2002. Í framangreindu felst því full og endanleg niðurstaða vegna starfa nefndarinnar vegna ársins 2002.

Eflling-stéttarfélag

Vinnustaðafundir á næstunni

Ákveðið hefur verið að efna til funda á vinnustöðum félagsins á næstu vikum. Dagsskrá fundana verður um kjaramál, atvinnumál, fræðslumál, félagsmál og þau mál sem hæst ber í þjóðfélaginu á þeim tíma sem fundirnir eru haldnir.

Fundirnir verða auglýstir með góðum fyrirvara í samráði við trúnaðarmenn og stjórnendur í viðkomandi fyrirtæki.

Vinnustaðafundir eru nauðsynlegur liður í því að efla tengsl, traust og skilning á milli forystumanna félagsins og hins almenna fé-

lagsmanns. Fyrirkomulag fundanna verður ekki mjög formlegt en fyrst og fremst lögð áhersla á félagsmennirnir taki virkan þátt í umræðunni og komi sjónarmiðum sínum á framfæri.

Trúnaðarmenn félagsins eru beðnir að hafa samband við skrifstofu félagsins og koma óskum um fundi á framfæri, en það er Guðmundur Þ Jónsson sem sér um skipulag fundanna, sem gert er ráð fyrir að verði fram á vorið.



Viðhorfskönnun með Eflingarfélaga

Viljum sjá áherslur félagsmanna

-segir Sigurður Bessason

Stjórn Eflingar – stéttarfélags hefur samþykkt að láta gera ítarlega viðhorfskönnun meðal félagsmanna þar sem reynt verður að fá fram skoðanir og viðhorf félagsmanna til hinna ýmsu þátta í starfsemi félagsins. Markmiðið er að kortleggja áherslur félagsmanna og nýta þær upplýsingar við uppbyggingu félagsins. Könnunin verður framkvæmd í samráði og samstarfi við „Flóafélögin“, þ.e. Hlíf í Hafnarfirði og Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur.

Við viljum einfaldlega fá nánari upplýsingar um vilja og væntingar félagsmanna. Við viljum vita, svo dæmi séu tekin hvort við séum á réttri leið í mjög mikilvægum málum. Við getum nefnt kjaramálin, mennta- og orlofsmálin sem dæmi um þetta, eða hvort fólk hafi skoðanir á reglum sjúkrasjóðs. Í menntamálum er mjög mikilvægt að sjá áherslur félagsmanna, segir

Sigurður Bessason formaður Eflingar.

Þá viljum við reyna að fá tilfinningu fyrir daglegu amstri fólks, vita hvað brennur á fólki og hvað það telur að stéttarfélagið geti gert í þeim málum. Við erum jú starfandi fyrir félagsmennina og eigum að þjóna þeim af bestu getu. Slíkt verður ekki gert í nútímasamfélagi án þess að vera í sambandi við fólk og þetta er ein leið til þess.

Að sjálfsögðu munum við áfram og í vaxandi mæli reyna að vera í milliliðalausum sambandi við fólk, hvort heldur sem það kemur á skrifstofuna eða við förum út á vinnustaðafundi. Þessi könnun mun aðeins vera enn eitt tækið sem við ætlum að nota til að bæta þjónustuna og koma til móts við óskir félagsmanna, segir Sigurður og hvetur alla félagsmenn sem lenda í þessari könnun að taka þátt og sýna þannig í verki viljann til að taka þátt í að þróa félagið sitt og starf þess.

Könnunin er ekki einungis um viðhorf heldur er einnig spurt um hagi félagsmanna s.s. fjölskyldustærð, kyn, aldur, menntun og ýmis atriði sem tengjast starfi og fjölskyldu. Áætlað er að undirbúningur undir könnuna verði í janúar-mánuði og seint í þeim mánuði eða í febrúar geti hún farið fram.

Smelltu á www.efling.is



Séreignarsjóður Framsýnar

Þeir sem hafa ekki verið með hingað til ættu að hugsa sinn gang, byrja núna og næla strax í hækkunina sem varð um áramótin. Þetta eru peningar sem við eigum rétt á en eignumst ekki nema að vera þátttakendur í séreignarsparnaði.

Mótframlag launagreiðenda hækkaði í janúar 2002. Ert þú einn af þeim sem eignast þessa peninga?

Dæmi miðað við 100.000 kr. laun og 4% framlag launþega:

	2001	1. janúar 2002
Framlag launþega	4% 4.000 kr.	4% 4.000 kr.
Framlag launagreiðenda	1% 1.000 kr.	2% 2.000 kr.
Framlag ríkis	0,4% 400 kr.	0,4% 400 kr.
Samtals í sparnað	5.400 kr.	6.400 kr.

(Athugaðu að þitt framlag er tekið áður en skattur er reiknaður þannig að ef þú greiðir 4.000 kr. í séreignarsjóð lækka útborguð laun aðeins um 2.450 kr.)

Það eru fleiri kostir við séreignarsparnað en mótframlögin:

- Sparnaðurinn erlist
- Fjármagnstekju- og eignaskattsfrjáls
- Skerðir ekki barna- og vaxtabætur
- Séreign er varin gegn fjárnámi og gjaldþroti
- Hægt að fá greitt út frá 60 ára aldri
- Meira ráðstöfunarfé á eftirlaunaárunum

Vertu með og nældu þér í hækkunina!
Það er aldrei of seint að byrja!



LÍFEYRISSJÓÐURINN FRAMSÝN

Sætúni 1, sími 515 4700, fax 515 4701,
veffang: www.framsyn.is, netfang: mottaka@framsyn.is



Dagmar Jónsdóttir og Guðlaug Bjarnadóttir undirbúa opnun Sóltúns

Hjúkrunarheimilið Sóltún opnar

Hjúkrunarheimilið Sóltún var opnað við formlega athöfn 4. janúar sl. Fréttablað Eflingar var á staðnum þegar starfsemi hófst og ræddi við starfsmenn um þetta nýja heimili



Guðlaug Rún Gísladóttir

eldra fólks í Reykjavík, sem að mjög mörgu leyti þykir nýstárlegt og til fyrirmyndar í umönnun og aðbúnaði fyrir aldraða. Hjúkrunarheimilið er einkarekið og er íbúafjöldi þess 92. Líðlega eitthundrað starfsmenn vinna á hinum nýja vinnustað. Sóltún leysir brýna þörf fyrir hjúkrunarrými þar sem samningur Sóltúns við Heilbrigðisráðuneytið gerir ráð fyrir að fyrstu íbúarnir séu að koma beint af sjúkrahúsum en það á við um 71 af íbúunum. Um margar nýjungar er að ræða á Sóltúni og má þar sérstaklega nefna að hver eining er 8 manna sambyli sem hefur allt í sínum kjarna. Þá eru herbergin afar rúmgóð eða um 30 fermetrar og hjóna-herbergi 60 fermetrar. Gert er ráð fyrir aðgengi í útivistarsvæði sem er með heitum potti og garðskála. Öll herbergi eru með tölvutengingu og nettengingu. Mjög mikið er lagt upp úr að Sóltún sé eftirsóknarverður vinnustaður og er vinnuaðstaða öll hin glæsilegasta. Fróðlegt verður að fylgjast með hvernig starfsemin gengur á komandi mánuðum.

Í mörg horn að líta

Dagmar Jónsdóttir, hjúkrunarfræðingur og gæðastjóri sagði að undirbúningurinn hefði gengið mjög vel. Við byrjuðum hér 10 manna hópur 1. desember en iðnaðarmennirnir voru komnir áður og vinnan hefur gengið mjög vel. Það er verið að koma húsgögnum fyrir og starfsfólk og iðnaðarmenn eru um allt að ganga frá lausum endum. Svo þarf að þrifa allt húsið hátt og lágt þannig að það er í mörg horn að líta. Fyrstu íbúarnir flytja inn sjöunda janúar og síðan bætast fleiri við á næstu dögum. Hér verða ýmsar nýjungar í húsgögnum og mjög fullkomið öryggiskerfi og fleira mætti nefna. Það er séð fyrir öllu, sagði Dagmar að lokum.

Vinnan leggst vel í mig

Guðlaug Bjarnadóttir ætlar að vinna við afþreyingu fyrir gamla fólkið og sagðist ætla að lesa fyrir það og svo verður áreiðanlega spilað og fönðrað og stundum bara talað saman. Vinnan í þessu glæsileg húsi legst mjög vel í mig, segir hún.

Leggjumst öll á eitt

Guðlaug Rún Gísladóttir réði sig í umönnunarstarf á Sóltúni og ætlar að hugsa vel um íbúana eftir þörfum hvers og eins og aðstoða við annað sem til fellur. Við leggjumst öll á eitt og klárum þetta. Ég er bjartsýn á að það verði spennandi að vinna hér, segir hún.

Gaman að vera með frá byrjun

Ragna Ragnarsdóttir sagðist hún heita og ætlar að vinna hér við ræstingar. Það er gaman að vera með alveg frá byrjun en ég hef ekki unnið við ræstingar áður. Svo er allt ofsalega flott hérna og vel frá öllu gengið.

Í mótuneytinu

Í mótuneytinu var þetta hressa fólk að taka til en gaf sér smá tíma til að stilla sér upp fyrir myndatöku t.v. Jóhannes S. Sofúson, mat-sveinn, Úlfhildur Erna Ástudóttir, matatæknir, Ásta María Gunnarsdóttir sem ætlar að vinna við allt sem býðst í eldhúsinu og Birna Björg Guðmundsdóttir, matatæknir sem er sérhæfð í að elda fyrir sérfæðissjúklinga.



Ragna Ragnarsdóttir mundar ræstitækin og til í slaginn



Launamenn – lesið þessa grein!

Réttindamissir ekki fjarlægur veruleiki

- eftir Karl Ó. Karlsson, hdl.

Að undanfögnu hefur verið greint frá því í fjömiðlum og víðar að veruleg aukning hafi orðið á málafjölda hjá dómstólum og sýslumannsembættum. Stór hluti þessara mála eru tilkominn vegna vanskila atvinnurekenda á af-dregnum lífeyrisiðgjöldum eða félagsgjöldum til stéttarfélaga, sem og iðgjöldum til sjúkra- og orlofsheimilasjóða.

Tvisvar á ári, í mars og september, sendir Lífeyrissjóðurinn Framsýn og aðrir lífeyrissjóðir yfirlit yfir greidd iðgjöld til sjóðsins vegna þeirra. Þegar fólk fær slík yfirlit í hendur er nauðsynlegt að hver og einn beri yfirlitin saman við það sem fram kemur á launaseðlum. Hafi aðili einhverjar athugasemdir fram að færa ber honum að hafa strax samband við lífeyrissjóðinn. Á sama tíma og yfirlit lífeyrissjóðsins eru send út, birta lífeyrissjóðir auglýs-



Karl Ó. Karlsson

ingar í dagblöðum þar sem skorað er á alla sem telja sig hafa greitt til lífeyrissjóðs á undan-gengnu tímabili og ekki hafa fengið yfirlit að gera viðkomandi lífeyrissjóði án tafar viðvart um ætluð vanskil. Berist ekki athugasemdir frá launþega innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits, studdar launaseðlum, og hafi sjóðnum ekki verið kunnugt um vanskilin þá er lífeyrissjóðurinn einungis ábyrgur fyrir þeim réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem iðgjöldin fást greidd. Félagsmenn hafa lent í

Framhald á blaðsíðu 59

Réttindamissir og tjón sem launþegar og fjölskyldur þeirra verða fyrir af völdum vanskila atvinnurekenda á þessum gjöldum er ekki fjarlægur veruleiki. Af handahófi má nefna nýlegt tilvik, þar sem um var að ræða einstakling sem rak verktakafyrirtæki.

Atvinnurekandi þessi hafði aldrei skilað iðgjöldum eða skilagreinum til Lífeyrissjóðsins Framsýnar. Af þeim sökum hafði lífeyrissjóðurinn ekki neinar upplýsingar um að þessi aðili hefði atvinnurekstur með höndum. Einn af starfsmönnum verktakans leitaði í eitt skipti á skrifstofu lífeyrissjóðsins með afrit af launaseðlum sínum þar sem hann undraðist að fá aldrei nein yfirlit yfir þau lífeyrisréttindi sem hann taldi sig hafa unnið sér rétt til. Strax í kjölfarið hóf lífeyrissjóðurinn innheimtuaðgerðir, byggðar á áætlunum og var skorað á atvinnurekandann að skila inn skilagreinum og standa skil á vangoldnum gjöldum. Örfáum vikum eftir að innheimtuaðgerðir voru hafnar bárust lífeyrissjóðnum skilagreinar frá atvinnurekandanum.

Kom þá í ljós að atvinnurekandinn hafði haft um 20

mennt við störf hjá fyrirtækinu og hafði verið svo um rúmlega 2 1/2 árs skeið. Samkvæmt skilagreininum námu vangoldin lífeyrisiðgjöld, iðgjöld í sjúkra og orlofsheimilasjóð samtals rúmlega 4,5 milljónum króna, fyrir utan vexti og kostnað, og reyndust vangoldin félagsgjöld ennfremur vera um hálf milljón krónur að höfuðstól. Innheimtuaðgerðir gagnvart atvinnurekandanum reyndust árangurslausar og leiddu þær að lokum til þess að bú atvinnurekandans var tekið til gjaldþrotaskipta.

Skiptum á þrotabúinu er enn ekki lokið, en ljóst er að óverulegar eignir eru til í búinu til þess að mæta þessum vanskilum. Einungis hluti lífeyrisiðgjaldanna nýtur ábyrgðar gagnvart Ábyrgðasjóði launa og er því fyrirséð að lífeyrisiðgjöld þessara starfsmanns að fjárhæð tæplega 2 milljónir króna séu töpuð og þar með réttindi starfsmannanna hjá lífeyrissjóðnum sem byggðu á þessum iðgjöldum. Ennfremur er fyrirséð að iðgjöldin til sjúkra og orlofsheimilasjóðs og félagsgjöldin séu töpuð og þar með réttindaávinnsla starfsmanna

Tungumál

Dagnámskeið

Myndlist

Tölvunámskeið

Fyrstu námskeið

á vorönn

2002

Barna- og unglinganámskeið

Starfsmenntaskólinn

Saumar og þrjón

Tómstundir

Menning og mannrækt

Matur og vín



Elinn Veir og þrír 4.02

hefst 23. janúar

Sími: 588 72 22 • www.mimir.is

Sundið er heilsulind kvölds og morgna

Málin leysast í heita pottinum

- segja sundgarparnir Dóri, Benni, Þórir og Snær



Það færist ört í vöxt að fólk stundi sund og aðra líkamshreyfingu sér til heilsubótar. Það er ekki síst nauðsynlegt fyrir kyrrsetumenn og þá sem eru í álagsstörfum ýmiss konar að geta slakað á í heita pottinum í laugunum eftir góðan sundsprett. Fréttablaðið fékk fregnir af nokkrum pottverjum úr verkalýðshreyfingunni sem stunda sund reglulega sér til heilsubótar.

Þetta eru þeir Benedikt Davíðsson, formaður Landssambands eldri borgara og fyrrverandi forseti ASÍ, Halldór Björnsson, formaður Starfsgreinasambandsins og varaforseti ASÍ, Snær Karlsson, starfsmaður Starfsgreinasambandsins og Þórir Guðjónsson, starfsmaður hjá Eflingu-stéttarfélagi.

Þeir voru í sundlaugunum í Laugardal þar sem þeir voru að ræða nýjustu tíðindi líðandi stundar í verkalýðsmálum og pólitíkinni í heita pottinum. En hvernig kom til að þeir félagar fóru að stunda sundið sér til heilsubótar?

Ég hef stundað sund frá því að sundlaug á Húsavík var opnuð árið 1962 og hef síðan haldið því áfram eftir að ég kom til Reykjavíkur, segir Snær Karlsson. Þetta er hluti af lífi manns og ég hef þá tilfinningu ef ég kemst ekki í sundlaug að eitthvað vanti inn í daginn og ég sleppi aldrei að fara í sundlaug hvar sem ég er nema þá að ég sé lasinn eða eitthvað álíka sé í veginum.

Ég byrjaði sem krakki að fara í Sundhöll Reykjavíkur og líka í gömlu laugarnar í Laugardalnum, segir Halldór Björnsson. Á þeim tíma var ekki um aðra staði að velja og allar götur síðan hef ég stundað sundið nokkuð reglulega og síðustu árin í sundlaug Garðabæjar.

Unglingurinn í hópnum

Formaður Félags eldri borgara segist í reynd vera hálfgerður unglingur í þessu því hann hefur ekki stundað reglulega sund nema í rétt 30 ár eða frá 1970 þegar hann var að standa upp úr veikindum og lærði að ganga aftur hérna í lauginni. Síðan hef ég komið hér á hverjum degi til að halda mér í góðu formi, segir hann.

Þórir segir að hann hafi byrjað að stunda sund 1987 og þá átti þetta ekki að fara út í neina vitleysu. Ég ætlaði bara að fara reglulega um helgar en svo bættist miðvikudagur við og síðan annar dagur og innan tveggja mánaða fór ég á hverjum degi og hef gert upp frá því. Nú er þetta þannig að það er ekki hægt að hefja eðlilegan dag nema að byrja hann hérna, segir Þórir.

Hann byrjar daginn hins vegar dálítið seint að mati okkar morgunmanna, grípur Snær fram í. Við sem höfum verulegan áhuga á sundinu og berum virðingu fyrir því biðum í korter fyrir framan Sundlaugarnar áður en opnað er til þess að vera vissir um að fá réttan skáp og rétta sturtu. Svo þegar við erum að yfirgefa staðinn og mætum Þóri og Benedikt þá bjóðum við þeim gjarnan góða kvöldið.

Ekki í lagi með kollinn



Þórir, Benedikt, Halldór og Snær

Ég held að allar þessar lýsingar félaga minna á að byrja sundið svona snemma og vera svona miklir mínútumenn á morgnana, beri vott um að það sé ekki allt í lagi með kollinn á þeim, segir Halldór Björnsson. Hann segist yfirleitt aldrei fara í sund fyrr en eftir klukkan fimm á daginn.

Snær brosir góðlátlega að þessum síðdegismönnum og segir alþekkt að þeir sem nái fullri meðvitund strax á morgnana mæti þá en þeir sem fá meðvitundina eftir fimm á daginn mæta auðvitað seint.

Þórir spyr hvort það geti verið að þessir morgunhrafnar mæti svona snemma í sundið af því að þeir hlakki svo ómótstæðilega til að komast í vinnuna. Við þessa yfirlýsingu skelltu allir af einhverri ástæðu upp úr.

Leysum málið hér!!!!

Félagsskapurinn hérna er auðvitað alveg stórkostlegur og ef einhver vandamál eru í þjóðfélaginu eru þau hvergi annar staðar leyst en hér. Þetta er hárrétt hjá Benedikt segir Snær. Það er mikill munaður að fara í vinnuna og vera búinn að koma öllum þjóðmálum á hreint og vera alltaf með bestu tillögurnar þó að það sé nú kannski alltof sjaldan farið eftir þeim.

Framhald á blaðsíðu 62

Það er mikill munaður að fara í vinnuna og vera búinn að koma öllum þjóðmálum á hreint og vera alltaf með bestu tillögurnar þó að það sé nú kannski alltof sjaldan farið eftir þeim.





- segir Pétur J. Pétursson, bílstjóri
hjá Vélamiðstöð Reykjavíkurborgar

Það sem af er vetrar hafa starfsmenn sem vinna við snjómokstur hjá Vélamiðstöð Reykjavíkurborgar þurft að taka til hendinni í tvígang á skömmum tíma. Einn þeirra er Pétur J. Pétursson, bílstjóri, sem hefur stjórnað snjómoksturstækjum í fjóra vetur og sagði hann að það hefði verið töluvert að gera að undanförunu en hvellirnir hafa ekki verið stórir.

Við erum ræstir út klukkan fjögur að nóttu og förum á sjö bílum hver í sitt hverfi og byrjum að hreinsa aðalgötur og strætóleiðir og reynum að klára sem mest að því fyrir klukkan sjö þegar strætó byrjar að ganga. Þá förum við í aðrar götur eftir því sem hægt er en oft þarf að fara nokkrar ferðir um aðalgötur til að greiða fyrir umferð.

Svæðið sem ég fer um er Höfðahverfi, Ártúnsholt, Árbær, Selás, Hálsahverfi og Grafarholt. Þegar vaktinni lýkur klukkan hálf eitt tekur önnur við og er við störf til klukkan ellefu um kvöldið og svo erum við á bakvakt aðra hverja helgi.

Stundum getur verið erfitt að komast fram hjá bifreiðum og öðrum farartálum í þröngum götum en maður reynir eins og hægt er að ryðja í fyrstu umferð og kemur svo aftur þegar búið er að fjarlægja farartálmana.

Annars gengur þetta oftast snurðulaust fyrir sig en stundum þarf maður að fara út í stórhrið þar sem ekki sést út úr augum og lendir þá oft í því að þurfa að draga frá bíla sem eru að þvælast fyrir. Ef snjóatímabilið er langt og veður slæm snýst sólhringurinn nánast um að vinna

og sofa og moksturinn verður stundum endalaus. Maður mokar og mokar allan daginn og sér lítinn árangur því að göturnar fyllast jafnharðan aftur í skafrenningi. Stundum er löng bílalest á eftir manni þegar bíllinn verður skyndilega fastur í snjóruðningi og maður kemst hvorki lönd né strönd í lengri tíma.

Veturinn 1999 til 2000 er eftirminnilegur. Þá var rosaleg törn og mikið um bíla sem sátu fastir og maður var sjálfur oft í vandræðum að komast áfram. Stundum lendir tönnin í kantsteinum undir snjónum sem hafa lostnað og þá getur höggið orðið ansi mikið en það eru góðir demparar á tönninni og líka í bílstjórasetinu. Ég veit ekki hvort það megi segja frá því en svefninn hefur farið alveg niður í þrjá tíma á sólhring.

Á vorin þegar snjótímabilinu lýkur komum við saman eina kvöldstund og skemmtum okkur og rifjum upp atburði liðins vetrar. Launin eru náttúrulega ekkert til að hrópa húrta fyrir en með mikilli vinnu er þetta svona þolanlegt. Ég hef aldrei lent í því að fara með tönnina í bíl en það hefur komið fyrir að snjór sem kastast á bíla valdi tjóni og þá bæta tryggingar það.

Einu sinni skeði það þegar ég var nýbyrjaður í snjóruðningnum og mæti í vinnu um nótt sennilega illa vaknaður að ég keyrði að tönninni og tengdi glussann og rafmagnið og hengdi hana á bílinn en gleymdi að bolta hana fasta. Svo þegar ég fór að ryðja hrökk tönnin af en sem betur fer skemmdist ekkert sagði Pétur að lokum.

Maður mokar og mokar allan daginn og sér lítinn árangur því að göturnar fyllast jafnharðan aftur í skafrenningi. Stundum er löng bílalest á eftir manni þegar bíllinn verður skyndilega fastur í snjóruðningi



Terra Nova
Kemur frá
Hæni



Guðmundur Ragnarsson

Ekki allt sem sýnist í snjónum:

Plastpokinn sem varð að rauðum fólksbíl

Rætt við Guðmund Ragnarsson, snjóruðningsbílstjóra

Guðmundur Ragnarsson, bílstjóri er búinn að vinna við snjóruðning í 12 ár og það var auðsótt að fá hann til að rifja upp óvænt atvik

sem hafði komið fyrir hann við snjómoksturinn.

Hann segir svo frá að einu sinni hafi hann verið að ryðja snjó á Víkurvegi í Grafarvogi í geðveiku veðri. Veðrið var svo blint að maður sá ekki tönnina framan á bílnum, sagði hann. Þá gerist það skyndilega að að ég sá einhverju rauðu bregða fyrir og hélt fyrst að plastpoki væri að fjúka í rokinu. Ég hélt áfram út götuna. Síðan snéri ég við til að ryðja hinu megin og sá þá að þetta hafði ekki verið plastpoki því að rauður fólksbíl sat uppi á skaflí. Hann hafði verið skilinn eftir mannlaus á götunni og ég hafði fengið hann í tönnina og rutt honum upp á skaflinn en sem betur fer var það mikill snjór í tönninni að bíllinn skemmdist lítið sem ekkert, sagði Guðmundur og brosti góðlátlega.

Þannig að það er betra að hafa varann á, segir Guðmundur að lokum.



Pix

Smelltu á www.efling.is

Á alltaf pening

Hættur að reykja

- segir Ármann Rögnvaldsson



Ármann Rögnvaldsson

Reykingar eru bölg margra karla og kvenna bæði fyrir heilsu og fjárráð en sem betur fer hefur verið gert mikið átak í að fá fólk til að hætta að reykja. Ármann Rögnvaldsson, starfsmaður í Sundafrosti, hætti að reykja á síðasta ári og aðspurður sagði hann að tóbaksbindindið gengi vel. Hver vildi ekki vera í hans sporum því hann á alltaf pening núna, er hressari en nokkru sinni og hefur ekkert þyngst við reykleysið.

Ég byrjaði að reykja um fermingu og reykti í 16 ár. Svo var það í maí á síðasta ári að ég fékk slæmt kvef og var sagt af lækni að forðast ryk og reyk og ákvað þá að hætta að reykja fyrst í einn dag og svo í annan og áfram koll af kolli og þannig hefur það verið síðan. Kostnaðurinn hafði líka áhrif á þessa ákvörðun en ég reykti einn pakka af sígarettum á dag.

Ég var í sumarleyfi þegar ég hætti og það var verst að byrja aftur að vinna því þá helltist sterk löngun í reyk yfir mann en hún minnkar eftir því sem lengra líður á reykleysið.

Það hefur reynst mér vel að grípa í tyggjóði til að slá á tóbakslönguninna og svo drakk ég mikið af vatni um tíma. En ég hef ekki fundið til neinna óþægilegra breytinga hvað varðar

svefn, þyngd eða annað eins og maður hefur heyrt um ýmsa þá sem hætta að reykja. Þvert á móti gengur mér betur að vakna og er allur miklu hressari á morgnana. Svo fer ég út að hjóla og í göngutúra því að það er nauðsynlegt að breyta um lífsstíl í reykleysinu.

Ég fór ekki á námskeið eða neitt svoleiðis heldur ákvað bara sjálfur að hætta en mér finnst mjög gott af fyrirtækjum að bjóða starfsmönnum sínum upp á námskeið til að hætta að reykja. Einn af mörgum kostum við þetta er að ég á alltaf pening núna og er ákveðinn í að byrja aldrei aftur.

**Er trúnaðarmaður á
þínum vinnustað?**

Hafðu samband á skrifstofuna 510 7500

**Félagar!
Fylgist með réttindum ykkar**

Mikilvægt að fylgjast með réttindum

Pungaðar konur og áhættumat



Í nýjum lögum um fæðingarorlof er mikilvægur þáttur sem hefur gengið hægt að koma í framkvæmd út á vinnumarkaðnum en það er svokallað áhættumat. Mikilvægt er að þungaðar konur séu vel meðvitaðar um rétt sinn og kynni sér þennan þátt nýrra laga um fæðingarorlof ekki síst þar sem atvinnurekendur hafa oft ekki kynnt sér löggjöfina og hefðir og venjur eru að myndast eftir nýja lagasetningu.

Pegar starfsmaður tilkynnir yfirmönnum um þungun sína er gert ráð fyrir að viðkomandi fyrirtæki/stofnun framkvæmi áhættumat samkvæmt 11 gr. laganna. Matið felst í því að starf viðkomandi er tekið út með tilliti til þungunar viðkomandi einstaklings. Ef áhættumat kallar ekki á breytingar er látið þar við sitja. En kalli áhættumat á breytingar ber fyrst að skoða breytingu á starfi (breyting t.d. á verkefnum og/eða vinnutíma) eða tilflutning í starfi. Atvinnurekanda ber að tryggja starfsmanni sömu laun og önnur starfskjör og áður.

Endurskoða getur þurft áhættumatið þegar líður á meðgöngu verði breytingar á heilsufari viðkomandi.

Sé ekki hægt að gera viðeigandi ráðstafanir á vinnustað þannig að heilbrigði starfsmanns eða fósturs sé ekki stefnt í voða á að veita viðkomandi starfsmanni leyfi frá störfum og fellur þá launaréttur viðkomandi niður. Þess í stað kemur lenging greiðslna úr fæðingarorlofssjóði

samkvæmt 13. gr. laganna og heldur viðkomandi þá sömu tekjum en úr fæðingarorlofssjóði. Þessi þáttur er alveg aðskilinn 8 mánaða fæðingarorlofsréttinum sem foreldrar eiga rétt á eftir að barn er fætt.

Hingað til hafa þungaðar konur verið að ganga á veikindarétt sinn á meðgöngu. Meðgangur er ekki skilgreindur sem veikindi þó svo í einhverjum tilfellum geti verið um veikindi að ræða sem fylgja meðgöngu viðkomandi einstaklings.

Félagsmenn Eflingar-stéttarfélags hafa lent í ýmsum vandamálum við að fá áhættumat framkvæmt og er þar fyrst og fremst um að kenna upplýsingarskort og þekkingarleysi allra þeirra er að málinu koma. Skila þarf inn greinargóðu læknisvottorði til atvinnurekanda svo hann eigi auðveldara með að sjá hvað það er sem þarf að taka tillit til. Sem dæmi má nefna ef viðkomandi fær verki í bak, þá þarf að skoða starf viðkomandi út frá því.

Atvinnurekendur geta leitað sér upplýsinga um hvernig vinna eigi áhættumat hjá Vinnueftirliti ríkisins og svo eru aðilar að koma á markaðinn sem sjá um að framkvæma áhættumat fyrir fyrirtæki og má þar nefna **Solar Plexus, Heilsu og vinnuverndarráðgjöf**.

Nánari upplýsingar og bæklinga er hægt að nálgast hjá Eflingu-stéttarfélagi.

Félagsmenn Eflingar-stéttarfélags hafa lent í ýmsum vandamálum við að fá áhættumat framkvæmt og er þar fyrst og fremst um að kenna upplýsingarskort og þekkingarleysi allra þeirra er að málinu koma



Vorönn 2002

PRÓFADEILD

Grunnnám – fornám – framhaldsdeild

Innritun: 8.-11. janúar

Kennsla hefst: 14. janúar (13 vikur)

FRJSTUNDANÁM

Tungumál – verklegar greinar – myndlist

Innritun: 14.-18. janúar

Kennsla hefst: 21. janúar (11 vikur)

ÍSLENSKA FYRIR ÚTLENDINGA

Íslenska – tal – ritun

Innritun: 17. -25. janúar

Kennsla hefst 28. janúar (10 vikur)

Próf í íslensku: föstudaginn 18. janúar kl. 17 og 18

Og laugardaginn 19. janúar kl. 13 og 14.

INNTRITUN FER FRAM Í MIÐBÆJARSKÓLA,

FRÍKIRKJUVEGI 1, KL. 9-20

DAGANA 8.-25. JANÚAR 2002

Upplýsingar í síma: 551 2992

Netfang: nfr@namsflokkar.is

Heimasíða: www.namsflokkar.is

*Kennt verður í Miðbæjarskóla, í Mjódd Þönglabakka 4 og
í Miðgarði Grafarvogi.*



Lára Björnsdóttir afhendir Guðbjörgu viðurkenninguna

Heimilisþjónustustarfsmaður ársins 2001

Góð og hvetjandi verðlaun

- segir Guðbjörg Guðmundsdóttir

Guðbjörg Guðmundsdóttir hefur starfað sem starfsmaður í heimilisþjónustu í 22 ár og er fyrsti starfsmaður sem valinn er heimilisþjónustustarfsmaður ársins hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar. Fréttablað Eflingar hitti

Guðbjörgu þar sem hún var að vinna á heimili Egils Einarssonar í Hraunbæ og hún er fyrst spurð hvernig henni hafi orðið við þegar þegar henni var tilkynnt að hún hefði verið valin heimilisþjónustustarfsmaður ársins 2001?

Það kom mér skemmtilega á óvart. Ég vissi að ég hafði verið tilnefnd en átti alls ekki von á því að verða fyrir valinu.

Hvaða áhrif telurðu að svona viðurkenning hafi fyrir starfsfólkið í heimaþjónustunni?

Ég held að svona viðurkenning sé mjög góð og hvetji fólk til að leggja meira á sig í vinnunni. Í framtíðinni á heimaþjónustan eftir að verða mikilvægari því að öldruðu fólki fjölgar en vistunarúræðum fækkar og eini kosturinn sem í boði verður er að vera lengur heima og fá heimaþjónustu.

Hvernig er þetta starf og hvað hefur þú starfað lengi í heimaþjónustu?

Ég er búin að vera í þessu starfi í 22 ár. Starfið felst í að hjálpa fólki við þau verk sem það getur ekki unnið sjálft eins og að þrifa og þvo og ýmislegt fleira. Svo er náttúrulega sest niður með kaffibolla og spjallað um allt milli himins og jarðar.



Er vinnan frábrugðin því sem hún var þegar þú byrjaðir í þessu starfi?

Já, þegar ég byrjaði í þessari vinnu var aðeins ein Félags og þjónustumiðstöð í borginni og maður þurfti að vinna í öllum borgarhlutum og það var lítil regla á hlutunum. En nú er ég bara hér í Árbæjarhverfinu og þjóna nokkuð reglulega sama fólkinu og það er mikill munur.

Hefur starfsöryggið breyst frá því sem það var í upphafi?

Já, hér áður fór maður bara og vann og skilaði vinnuskýrslum. En í dag hittast heimaþjónustustarfsmenn einu sinni í mánuði og sumir hittast á hverjum morgni á stöðvunum. Þannig að maður er ekki einn í vinnu eins og áður fyrr.

Hvernig var viðhorf fólks til starfsins þegar þú varst að byrja?

Það var ekki nógu gott. Fólki fannst það að þrifa á heimilum annarra vera eitthvað sem það vildi ekki gera en nú er þetta breytt og þegar fólk hefur kynnst þessari þjónustu gerir það sér grein fyrir því að hún er nauðsynleg. Ég kann mjög vel við þessa vinnu vegna þess að hún gefur manni afskaplega mikið.

Hefurðu orðið vör við breytingar á högum aldraðs fólks á þeim árum sem þú hefur starfað við heimaþjónustu?

Mér finnst afkoma þeirra sem hafa haft lítið á milli handa ekki hafa batnað nema síður væri.

Ætlaðu að halda áfram í þessu starfi?

Já, ég geri ráð fyrir því að vera í þessari vinnu í einhver ári í viðbót.

Nú er boðið upp á félagsliðanám fyrir fólk í



umönnunarþjónustu. Er það eitthvað sem höfðar til þín?

Ég er búin að taka öll námskeið sem hægt er að taka hjá Eflingu og Sókn í gamla daga. Mér finnst nauðsynlegt að byggja þetta starf upp með því að gefa fólki kost á að læra þannig að mér líst vel á félagsliðanámið. En ég á eftir að kynna mér hvort það sé eitthvað fyrir mig. Ég hef oft farið á sjálfsstyrkingarnámskeið hjá Eflingu og tel að það sé nauðsynlegt fyrir þá sem eru í Heimaþjónustunni að fara á slík námskeið til að öðlast traust á sjálfum sér til að geta tekist á við þætti í starfinu sem geta verið þungbærir.



Starfsmenn fagna viðurkenningu í heimaþjónustunni, hópurinn sem tilnefndur var



Páskaúthlutun orlofshúsa Eflingar

Tekið við umsóknum til 1. mars

Tekið verður við umsóknum um orlofshús til 1. mars n.k. Umsóknir og upplýsingar um húsinn liggja frammi á skrifstofu Eflingar - stéttarfélags, Sætúni 1, 105 Reykjavík. Hægt er að fá eyðublað sent á faxi eða með pósti. Einnig er að senda okkur tölvupóst á netfangið fjola@efling.is og þarf þá að koma fram nafn, kennitala og hvaða hús er sótt um í fyrsta val, annað val, allt að 6 möguleika.

Staður	Fjöldi húsa	Verð	Punktafrádrag
Úthlíð	3	10.500 kr.	48
Flúðir - með potti	1	12.500 kr.	60
Ölfusborgir - með potti	10	12.500 kr.	60
Kirkjubæjarklaustur	3	10.500 kr.	48
Svignaskarð - stór m/potti	6	12.500 kr.	60
Svignarskarð - lítil m/potti	7	10.500 kr.	48
Skorradalur	1	13.000 kr.	60
Húsafell - með potti	3	12.500 kr.	60
Akureyri	6	10.500 kr.	48

Úthlutun mun liggja fyrir 6. mars og greiðslufrestur hjá þeim sem fá úthlutað er til 13. mars n.k. Húsin verða leigð í viku frá 27. mars - 3. apríl n.k. Úthlutað er eftir punktakerfi sem byggist á iðgjaldsögu félagsmanna síðustu 12 ár. Vekja má athygli á því að ofantalin hús eru til leigu allt árið.

Ekki verður tekið á móti umsóknum símleiðis




Sjáðu hvernig reykingar valda blindu (á meðan þú getur)

Í hvert sinn sem þú andar að þér sígarettureyk, síast þúsundir eiturefna inn í blóðrásina og með henni til allra hluta líkamans. Viðkvæm líffæri eins og augun eru meðal þeirra sem eru í mestri hættu.

Staðfest hefur verið með rannsóknum að reykingar eru ein af aðalorsökunum fyrir blindusjúkdómi sem veldur hrörnun í augnbotnum. Þessi sjúkdómur er jafnframt algengasta orsök blindu á Íslandi, sem og annars staðar í heiminum.

Sjúkdómurinn birtist oftast í báðum augum og orsakar varanlega sjónskerðingu og jafnvel blindu. Lestur, akstur og að greina andlit verður erfitt eða ógerlegt.



HRÖRNUN Í AUGNBOTNI
(MASCULAR DEGENERATION)

Reykingar geta valdið ólæknanlegri blindu. Viðkvæmasti hluti augans er aftasti hlutinn eða nethimnan. Viðkvæmasti hluti hennar er örlítill gulur blettur, skarpsjónarsvæði augans. Efni úr sígarettureyknum sprengja finar æðar í þessum gula bletti og drepa frumur í honum. Þetta veldur blindu.

Það er sjaldan auðvelt að hætta að reykja og flest reykingafólk gerir nokkrar tilraunir áður en það nær endanlegum árangri. Þeir sem þarfnast hjálpar eða ráðleggingar um hvernig á að sigrast á lönguninni þurfa ekki annað en að teygja sig eftir næsta síma. Þótt þú hafir aðeins látið þér detta í hug að hætta skaltu hringja í 800 6030.

Hver einasta sígaretta veldur þér skaða!

reyklaus.is



Svignaskarð

- Minna hús

Sjö hús með potti. Í húsunum eru tvö svefnherbergi, setu- og borðstofa með eldhúskrók og baðherbergi með sturtu. Svefnpláss og sængur eru fyrir fimm manns.



Svignaskarð

- Stærri hús

Sex hús með potti. Í húsunum eru þrjú svefnherbergi, setu- og borðstofa með eldhúskrók og baðherbergi með sturtu. Svefnpláss og sængur eru fyrir átta manns.



Hvammur í Skorradal

Stærsta hús félagsins um 160 fermetra með sex svefnherbergjum með vaski, eldhús með frystiskápi, tvö baðherbergi, stofa og borðstofa. Alls geta gisti þar níu manns í rúmum og fjórir á dýnum auk barnarúma. Sængur eru fyrir tólf.



Húsafell

Þrjú hús með heitum potti. Í húsunum eru tvö svefnherbergi, stofa eldhúskrókur og baðherbergi með sturtu. Svefnaðstaða er fyrir sex til sjö manns.



Íbúðir á Akureyri

Sex íbúðir eru á Akureyri. Í íbúðunum eru tvö svefnherbergi, stofa, eldhús með borðkrók og baðherbergi með sturtu. Svefnpláss er fyrir fjóra til sjö. Aukadýnur fylgja. Sængur eru fyrir fimm til sjö manns.

Kirkjubæjarklaustur

Þrjú orlofshús. Í tveimur húsanna eru þrjú svefnherbergi en í einu tvö svefnherbergi og svefnloft. Auk þess stofa, borðstofa með eldhúskrók og baðherbergi með sturtu í öllum. Svefnastaða er fyrir 8 manns og sængur fyrir jafnmarga.



Flúðir Ásabyggð

Eitt hús með heitum potti. Húsið er með tveimur svefnherbergjum, svefnlofti, eldhúsi með borðkrók, stofu og baðherbergi með sturtu. Svefnpláss og sængur eru fyrir átta.



Úthlíð

Þrjú orlofshús. Svefnpláss er fyrir fimm í tveimur svefnherbergjum auk svefnlofts með dýnum fyrir fjóra til sex til viðbótar. Sængur eru fyrir 10 manns.



Ölfusborgir

Tíu orlofshús með heitum potti. Í húsunum eru þrjú svefnherbergi, stofa, borðstofa með eldhúskrók og baðherbergi með sturtu. Svefnastaða og sængur er fyrir sex manns.



ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI
ÖLL ÖKURÉTTINDI

Ný námskeið vikulega

www.nyiokuskolinn.is

NÝI
ÖKUSKÓLINN

SÍMI: 588 4500 • 898 3903

Spurt og svarað

Um afföll af húsbrefum



Eyþór Brynjólfsson

Margir velt fyrir sér hvað verði um afföllin af húsbrefum þegar þau ganga kaupum og sölum. Eyþór Brynjólfsson, trúnaðarmaður Eflingar spyr að þessu tilefni:

- Hversvegna bera húsbref afföll þegar þeim er skipt?
- Hvað verður um afföllin?
- Afföll geta numið 200 - 700 þúsund við það að skipta um húsnæði. Hvað verður um þetta fé?



Sigurður Geirsson

Sigurður Geirsson, forstöðumaður fjármögnunar og fjárfstýringarsviðs Íbúðarlánasjóðs svarar:

Hvers vegna verða afföll við sölu húsbrefa?

Afföll við sölu allra verðbréfa á verðbréfa-markaðnum þ.m.t. húsbrefa, koma til af því að kaupendur bréfanna vilja fá meiri vexti á það fé sem þeir verja til kaupanna en sem nemur þeim vöxtum sem bréfin bera. Þeir vextir sem kaupendur vilja hafa af fé sínu eru kallaðir ávöxtunarkrafa á verðbréfamarkaðnum. Með því er átt við þá ávöxtun sem kaupendur gera kröfu til að fá af fé sínu.

Ef litið er til húsbrefanna þá bera nýjustu húsbrefin 4,75% vexti en þeir, sem eru hins vegar að kaupa þessi bréf á markaði, vilja fá um 5,51% vexti ef húsbrefið er til 40 ára en 5,95% vexti ef bréfið er til 25 ára miðað við aðstæður á markaði eins og þær eru þegar þetta er skrifað. Rétt er hins vegar að benda á að þetta breytist frá einum degi til annars og getur jafnvel breyst innan dagsins.

Til að skýra nánar hvernig þetta virkar skulum við líta á einfalt dæmi. Við skulum hugsa okkur verðbréf upp á 100.000 kr. sem er til 1 árs og ber 10% vexti. Þegar bréfið er komið á gjalddaga eftir 1 ár á skuldari þess að greiða eiganda þess 110.000 krónum, þ.e. upphaflegu 100 þúsundin ásamt 10 þúsund í vexti. Við skulum gera ráð fyrir því að ávöxtunarkrafan af þessu bréfi við sölu þess á markaði sé hins vegar 15% eða nokkuð hærri en vextir bréfsins. Til þess að kaupandi þess fái 15% vexti af því fé sem hann ver til kaupanna verður seljandi að taka á sig nokkur afföll, þ.e. lækka verð bréfsins þannig að kaupandi greiði ekki meira en svo að þegar bréfið er greitt fái hann kaupverðið sitt tilbaka og 15% vexti. Þannig myndi kaupandinn vera tilbúinn að borga 95.652 krónur fyrir þetta 100.000 króna bréf sem þýðir að seljandi bréfsins verður fyrir 4.348 króna afföllum við sölu. Þegar skuldari bréfsins greiðir síðan bréfið upp með 110.000 krónum er kaupandi þess búinn að fá 15% vexti af því fé sem hann varði til kaupanna.

Eins og hér kemur fram eru afföll því mis-
munurinn á þeim vöxtum sem viðkomandi bréf
ber og þeim vöxtum sem kaupandi bréfsins vill
fá af bréfinu. Skv. því er það því kaupandi
bréfsins sem fær afföllin.

En af hverju sveiflast ávöxtunarkrafan til
eins og raun ber vitni þannig að afföll myndast
og eru mishá? Skýringin er í raun mjög ein-
föld. Þegar seljendur skuldabréfa eru fleiri en
kaupendurnir eða þegar fjárhæð skuldabréf-
anna er hærri en það sem kaupendur eru til-
búnir til að verja til kaupanna skapast vanda-

mál ef allir eiga að geta selt. Til að auka söl-
una er því gripið til þess ráðs að hækka ávöxt-
unarkröfuna þannig að kaupandi þurfi að
greiða minna fyrir bréfið en áður og fær því
meiri ávöxtun. Með því móti fjölgar þeim sem
vilja kaupa eða kaupendur vilja setja meiri fjár-
muni í kaupun á skuldabréfunum. Gagnstæðar
aðstæður geta líka komið upp að kaupendur
sáu fleiri en þeir sem eru að selja og þá lækka
afföllin aftur vegna lækkanði ávöxtunarkröfu
og jafnvel geta skuldabréf verið seld með yfir-
verði.

Efling-stéttarfélag

Viðtalsstímar lögmannna

Minnt er á viðtalsstíma lögfræðinga félagsins.
Lögfræðingar frá Lögfræðiskrifstofu Atla Gíslasonar, þ.e. Atli Gíslason eða Karl Ó. Karlsson
eru til viðtals á skrifstofum Eflingar á hverjum



Karl Ó. Karlsson



Lára V. Júlíusdóttir



Atli Gíslason

þriðjudegi frá kl. 13.00 - 16.00. Lára V. Júlíus-
dóttir er til viðtals fyrir félagsmenn annan
hvern miðvikudag frá kl. 14.00 - 16.00.

Nestlé Build-Up er bragðgóður drykkur

sem inniheldur 1/3 af ráðlögðum

dagskammti (RDS) af 12 vítáminum

og 6 steinefnum auk prótins og orku



Build-Up fyrir alla

Góð aðferð til þess að auka neyslu vítámina
og steinefna þegar þú þarft á aukakrafti að
halda. Hentar börnum (eldri en 3ja ára)
sem eldra fólki og öllum þar á milli.

Build-Up á meðgöngu og með barn á brjósti

Tryggir að nægilegt magn næringarefna sé
til staðar á þessum mikilvæga tíma

Build-Up eftir veikindi

Sér til þess að þú færð öll réttu
næringarefni til þess að ná skjóttum bata

Build-Up – fljótlegur drykkur

Eitt bréf út í kalda eða heita mjólk eða
ávaxtasafa gefur þér fljótlegan og bragð-
góðan drykk stútfullan af næringarefnum

Upplýsingar um næringarinnihald:

Í 38 gr. bréfi blönduðu í 284 ml. af mjólk			
% af RDS			
Orka	kj	1395	
	kcal	330	
Prótein	g	18,0	
Kolvetni	g	37,1	
þar af sykur	g	36,5	
Fita	g	12,4	
þar af mettuð	g	7,5	
Trefjar	g	0,6	
Natrium	g	0,4	
Kalium	mg	810	
Vítámin			
A-vítámin	µg	300,0	38%
B1-vítámin	mg	0,6	43%
B2-vítámin	mg	1,0	63%
B6-vítámin	mg	0,9	45%
B12-vítámin	µg	1,7	170%
C-vítámin	mg	23,0	38%
D-vítámin	µg	1,8	36%
E-vítámin	mg	3,3	33%
Blótín	mg	0,06	40%
Fólin	µg	84,0	42%
Niasín	mg	6,2	34%
Pantótenat	mg	3,0	50%
Steinefni			
Kalk	mg	607,0	76%
Joð	µg	94,0	63%
Járn	mg	5,5	39%
Magnesium	mg	132,0	44%
Fosfór	mg	534,0	67%
Zink	mg	6,3	44%

Dæmi um hvað vítámin og steinefni gera fyrir þig

A-vítámin

Nauðsynlegt til vaxtar og
viðhalds vefja, viðheldur mýkt
og heilbrigði hörunds. Ver
slímhuð í munni, nefi, hálsi og
lungum. Eykur viðnám gegn
sýkingum og bætir sjónina.
Hjálpar við myndun beina.

B2-vítámin (Ribóflavín)

Hjálpar við að nýta orkuna í
fæðu, hjálpar við myndun
mótefna og rauðra blóðkorna.
Nauðsynlegt til að viðhalda
hórunði, nögglum, hári og góðri
sjón.

Niasín (Niasín-vítámin B3)

Bætir blóðrásina og lækkar
kólestról í blóði. Viðheldur
taugakerfinu, lækkar háan
blóðþrýsting, hjálpar við
meltingu og stuðlar að
heilbrigði húðar.

Zink

Mjög mikilvægt fyrir ónæmis-
kerfið, flýtir fyrir að sár grói og
er mikilvægt fyrir stöðugleika
blóðsins. Viðheldur alkaline
jafnvægi líkamans.

s ú k k u l a ð i • j a r ð a b e r j a • v a n i l l u • b a n a n a



Starfstengt námskeið fyrir þernur af erlendu þjóðerni á vegum Starfsafls

Tilraunaverkefni sem gefur góða raun

- segir Margrét S. Sigurbjörnsdóttir

Fréttablað Eflingar heimsótti nýlega Hótel og matvælastólann í Kópavogi og ræddi við Margréti S. Sigurbjörnsdóttur, leiðbeinanda á sérstöku námskeiði sem Starfsafl stendur að fyrir erlenda starfsmenn sem vinna í þernustörfum á hótélum. Margrét var fyrst spurð um hvernig námskeiðið væri uppbyggt.

Þetta námskeið er frumraun. Það er uppbyggt þannig að kennd eru undirstöðuatriði í hreinlætisfræði og hvernig þrifum er háttað á hótélum sem getur verið mismunandi eftir stærð og gerð. Svo er fjallað um skipulagningu á vinnu og hvernig unnið er og um rétta líkamsbeitingu. Einnig eru mannleg samskipti á vinnustað tekin fyrir og ýmislegt fleira sem að talið er að komi fólki vel og geri starfið áhuga-verðara. Þetta námskeið núna er sérhannað fyrir erlenda starfsmenn sem hafa litla málaþekkingu en í framtíðinni stendur til að hafa hópana blandaða. Þá er í burðarliðnum námsbraut sem heitir Hótel og þjónustubraut og við vorum svo heppin í skólanum að fá að gjöf

hótelherbergi til að hægt væri að kenna þessi fræði alveg frá grunni.

Hvernig finnst þér að til hafi tekist með námskeiðið?

Þetta er algjört tilraunaverkefni sem mér virðist hafa gefið góða raun. En vandamálið er að þátttakendurnir skilja ekki nógu mikið í málinu og þess vegna þarf að beita öðrum kennsluaðferðum sem felast m.a. í myndmáli og sýnikennslu. Þar hefur fullbúna hótelherbergi sem við höfum til afnota komið sér vel og mér sýnist stúlkurnar vera nokkuð ánægðar. Best væri að námskeiðin væru íslenskutengd algjörlega þannig að íslenskukennsla færi fram samhliða öðru námi eins og þekkist í fiskvinnsluni. Þetta er spennandi verkefni og mjög þarft því fólk þyrpist hingað til að vinna störf sem íslendingar fást ekki í. Ég tel að það sé okkar hlutverk að uppfræða þetta fólk og reyna að koma því í sem best samband við samfélagið, segir Margrét S. Sigurbjörnsdóttir.



Wassilu Chebout

Wassilu Chebout frá Alsír

Fræðandi og skemmtilegt

Við ræddum við Wassilu Chebout frá Alsír sem er þátttakandi á námskeiðinu og hefur starfað á Grand Hótelu í nokkur ár. Við spurðum hana í hverju starfið væri fólgið á Grand Hótel.

Ég er búin að vinna á Grand Hótelu síðastliðin fjögur ár. Fyrst var ég að þrifa herbergin en núna vinn ég eingöngu á kvöldvöktum, aðallega við að þrifa sali og svo aðstoða ég gesti við að strauja og svoleiðis og taka til í herbergjum ef þess er óskað.

Hvernig finnst þér námskeiðið?

Það er fræðandi og skemmtilegt og mér finnst mjög gaman að kynna nýju fólki. Svo er aðstaðan hér til kennslu mjög góð og t.d. fer verkleg kennsla fram í fullbúnu hótélherbergi með baði og öllu tilheyrandi þannig að námið verður markvissara og við lærum að skipuleggja starfið betur. Einnig lærum við líkamsbeitingu sem er mjög gagnlegt. Ég vann sem kennari í Alsír og þekki þess vegna ekki hvernig búið er að starfi hótélþerna þar en ég efast um að þær fái svona góða starfsþjálfun.

Námskeið löntæknistofnunar opna þér möguleika

Vinnuvélar
réttindanámskeið fyrir vinnuvélstjóra

Rannsóknarmenn
starfsnám til aðstoðarstarfa á rannsóknastofum

Verkstjórar
námskeið fyrir starfandi og verðandi verkstjóra

Kynning og framsögn
árangursríkt fyrir alla sem þurfa að koma fram

Samningatækni
fyrir alla sem þurfa að standa fyrir máli sínu

Stofnun og rekstur smáfyrirtækja
fyrir þá sem hafa viðskiptahugmynd

Umsjónarmenn fasteigna
starfsnám fyrir starfandi og verðandi umsjónarmenn

Nánari upplýsingar í sínum **570 7100, 570 7289** og á vefsíðu okkar www.iti.is um þetta og margt fleira

NÁM SKEIÐ



Dagný Jónsdóttir, yfirþerna á Hótel Loftleiðum

Lærum að taka tillit

Fræðslusjóðir og starfsmenntun

Hvað fæ ég endurgreitt?

- Styrkir hækka úr fræðslusjóðum

-27 þúsund króna almennur styrkur til starfsnáms

Nú um áramót hækkuðu styrkir sem félagsmenn Eflingar geta sótt í fræðslusjóði vegna starfsmenntunar.

Starfsafl, fræðslusjóður fyrir félagsmenn á almennum markaði, greiðir nú allt að kr. 27.000.- á ári vegna starfsnáms félagsmanna en aldrei er þó greitt meira en sem nemur 60% af heildarkostnaði við viðkomandi nám/námskeið. Meirapróf er þó styrkt um kr 42.500.-

Fræðslusjóðir á opinberum markaði hækka sína styrki einnig og er hámarksstyrkur þar nú 42.500 en almennt er ekki greitt meira en sem nemur 75% af kostnaði fyrir starfsnám þar.

Dagný Jónsdóttir er yfirþerna á Hótel Loftleiðum og hún tók þátt í námskeiðinu “farsæl samskipti á fjölþjóðlegum vinnustað.” Við spurðum hana hvernig henni hefði fundist námskeiðið

Það er mjög skemmtilegt og mér finnst mjög tímabært að hafa svona námskeið til að vekja okkur til umhugsunar um samskiptin við starfsfólk sem vinnur undir okkar stjórn og er af erlendum uppruna. Það er svo margt sem kemur þarna fram eins og t.d. í sambandi við trúarbrögð og ýmsa aðra siði sem við gerum okkur ekki grein fyrir og þurfum að taka tillit til bæði í vinnunni og utan hennar. Og af því að jólin eru nú nýafstaðin þá má minna á að jólasíðir þessa erlenda starfsfólks er oft allt öðruvísi en okkar og nú er ég upplýstari um það og get þess vegna sýnt meiri tillitsemi og upplýst aðra starfsmenn og þá leysist kannski misskilningur sem hefur verið uppi.

Hefur eitthvað komið þér sérstaklega á óvart?

Já, það koma mér á óvart að heyra hvað margir útlendingar vinna hér á landi og líka hvað maður var í raun illa upplýstur um siði þeirra og venjur. Nú veit ég betur og það mun auðvelda mér samskiptin við mína starfsmenn. Nú erum við t.d. að fara í jólahlaðborð og ég hef verið að reyna að fá þá sem ekki hafa ætlað að mæta til að skipta um skoðun án þess að kanna ástæður þess en nú mun ég taka öðruvísi á málum.

Merkilegt tilraunaverkefni

Náms- og starfsráðgjöf á vegum Eflingar og Starfsafls

- Grandi og Orkuveita Reykjavíkur í samstarfi um ráðgjöf til Eflingarfélaga

Leonardó verkefni Eflingar og Starfsafls í náms- og starfsráðgjöf er farið af stað og fór fyrri hluti ráðgjafaviðtala við um 30 Eflingarfélaga fram fyrir áramót. Síðari hluti viðtala fer fram nú í janúar og febrúar. Þau fyrirtæki sem taka þátt í samstarfinu með Eflingu eru Grandi og Orkuveita Reykjavíkur, hvort um sig með um 15 þátttakendum. Framkvæmdaraðili með Eflingu er ráðgjafafyrirtækið Lausnir og MFA veitir faglega ráðgjöf.

Tilgangur þessa verkefnis er að fá fram óskir Eflingarfélaga um það hvernig eigi að standa að náms- og starfsráðgjöf en náms- og starfsráðgjöf er grundvallaratriði í allri nauðsynlegri símenntun og starfsþróun launafólks að það geti átt kost á faglegri ráðgjöf um möguleika og leiðir í sinni símenntun og starfsvali.

Hingað til hefur ráðgjöf af þessu tagi að mestu verið einskorðuð við nemendur í skólum eða við atvinnulausa en í ljósi þeirrar stað-

reyndar að launafólk er í vaxandi mæli farið að skipta um vinnu oftár á starfsævinni og starfsfólki stendur í vaxandi mæli til boða að sækja ýmis námskeið og endurmenntun þykir nauðsynlegt að þróa aðferðir við náms- og starfsráðgjöf fyrir almennt launafólk.

Verkefnið er samvinnuverkefni 10 Evrópuþjóða og er unnið með styrk frá Leonardó starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins. Verður án efa merkilegt að sjá niðurstöður úr þessari fjölþjóðatilraun en niðurstöður verða settar fram haustið 2002. Hægt er að nálgast upplýsingar um verkefnið og fylgjast með framgangi þess á heimasíðu verkefnisins sem er www.gla.ac.uk/wg.

Smelltu á www.efling.is



Botnlaus brunnur upplýsinga

Hjá Hagstofunni getur þú fengið upplýsingar um allt sem viðkemur tölum um Ísland og Íslendinga; fjölda, vinnumarkað, atvinnuvegi neyslu og fleira. Leitaðu til okkar, við bjóðum upp á fjölbreytta þjónustu við talnanotendur.

Útgefin rit
 Landshagir • Hagskinna • Hagtiðindi • Kosningaskýrslur • Vinnumarkaður • Konur og karlar
 Ísland í tölum • Utanríkisverslun • Umhverfistölur • Sveitarstjórnarreikningar • Norræn
 tölfraeðihandbók • Hagtölur án landamæra

Hagstofa Íslands
 Skuggasundi 3
 Sími 560 9800
www.hagstofa.is



Heiðrún M. Kristinsdóttir, öryggivörður í Kringlunni

Mikilvægt nám í undirbúningi

Fyrir starfsfólk við öryggisþjónustu

Nú liggur fyrir að aukin áhersla verður á menntun ýmissa starfsmanna í við öryggisþjónustu á þessu ári. Átak verður gert í því að að öryggisverðir á stofnunum og hjá öryggisþjónustufyrirtækjunum ásamt húsvörðum, dyravörðum, sundvörðum og lífvörðum eigi kost á námi við hæfi sem tengist störfum þeirra. Þessir starfshópar eru saman skilgreindir sem öryggisþjónusta.

Áætlað er að við þessi störf séu nú um 2.000 launamenn og það er almennt álitid að þeim muni fjölga verulega á næstu árum. Innan Eflingar eru m.a. stórir hópar launamanna sem starfa við öryggisgæslu.

Hingað til hefur ekki staðið til boða neitt nám fyrir þessa hópa ef undan eru skilin nokkur styttri námskeið fyrir einstaka hópa.

Hugmyndin er að reyna að koma á þrepa-skiptu námi þar sem væri annarsvegar sameiginlegt grunnnámi sem allar greinarnar taki en síðan ákveðin sérmenntun í fyrir hvern starfshóp.

Meðal þess námsefnis sem talið er nauðsyn-

legt að bjóða öryggisþjónustuhópnum er þekking á lögum og reglugerðum, öryggiskerfi, tölvu- og sjálfstýringar, viðbrögð við hættum, skyndihjálpi, mannleg samskipti og tungumál, viðtalstækni ásamt samskiptum við lögreglu og sjúkraflutninga.

Það er Starfsgreinaráð í björgun, öryggisgæslu og löggæslu sem hefur veg og vanda af undirbúningi þessa náms. Ráðið hefur sett saman skýrslu um nám og störf á starfssviði sínu. Í framhaldi af þessari skýrslu hafa verið settar fram hugmyndir um nýtt starfsnám fyrir nokkra öryggisþjónustuhópa.

Námið er fyrir dyraveiði, húsverði, sundverði, lífverði og öryggisverði á sjúkrastofnunum og hjá öryggisþjónustufyrirtækjum



Ferðanefnd Eflingar lætur ekki deigan síga

Undirbýr sumarferðir af krafti



Þó að fá gleðitíðindi hafi borist í ferðamálum undanfarna mánuði hefur ferðanefnd Eflingar ekki látið deigan síga. Á síðasta ári fóru mörg hundruð félagsmenn í ferðir með Eflingu innan lands og utan. Þegar eru farnar að berast fyrirspurnir félagsmanna um ferðir sumarsins og ferðanefndin er að leggja drög að spennandi kostum fyrir sumarið. Af skemmtilegum áformum má nefna fyrirhugaða ferð í Skaftafell með gönguferð í Bæjarstaðaskóg en ferð í Ingólfshöfða á sitthvorum deginum.

Dagsetningar í þessa ferð verða 13-16. júní n.k. og er ekið í Skaftafell á fyrsta degi.

Önnur sumarferð Eflingar-stéttarfélags er síðan norður í Mývatnssveit. Gist er að Laugum í Reykjadal þar sem boðið verður uppá mismunandi gistimöguleika og verð. Ætlunin er að fara á öðrum degi um Mývatnssvæðið í Dimmuborgir og í Höfða. Auk þess sem ekið er í Ásbyrgi og að Dettifossi. Dagsetningar í þessa ferð eru 20-23.júní n.k.

Einnig er áætluð ferð Eflingar-stéttarfélags verður til Vestmannaeyja 5-7. júlí og er þá gert ráð fyrir siglingu til Vestmannaeyja og kynnisferð um Heimaey.

Ferðir erlendis

Hugmyndir eru komnar um ferð erlendis í byrjun júní til Hollands og Þýskalands áætluð brottför 31. maí og heimkoma 8.júní. Nú er verið að ganga frá drögum að ferðaáætlun en í stórum dráttum er hún þessi: Flogið er til Frankfurt og þaðan til Trier þar sem gist er í tvær nætur. Síðan er haldið þaðan til Hollands og Belgíu þar sem gist er í 2 til 4 nætur og að lokum þaðan til Rudesheim við Rín þar sem gist er í tvær nætur.

Verð í allar þessar ferðir verða auglýst í næsta blaði.

Frekari upplýsingar veitir Hildur Kjartansdóttir hjá Eflingu.

Innritun í ferðirnar hefst 15. mars



Námsflokkar Hafnarfjarðar
Miðstöð símenntunar

Vorönn 2002

Innritun í almenna flokka fer fram dagana **21.-24. jan.** á skrifstofu Námsflokka, Strandgötu 31, 2. hæð, milli klukkan **13 og 19**. Upplýsingar í síma **585-5860**.

Kennsla hefst skv. stundaskrá **28. janúar í Flensborgarskóla**.

Tungumálanám-byrjenda og framh.námskeið: Enska. Danska. Ítalska. Norska. Sænska. Franska. Spænska. Þýska. Rússneska. Íslenska fyrir útlendinga. **Handverks- og listgreinar:** Tréútskurður. Tálgunámskeið. Fatasaumur. Bútaumur. Bútaumur flis og fix. Eldsmíði. Hnífagerð. Leirmótun. Málun. Teikning. Myndlist og leirmótun fyrir börn og unglinga. Skrautritun, leturgerð og skreytingar. Glerskurður. Glerbræðsla. Keramikmálun.

Ýmis námskeið: Hönnun og skipulagning heimilisgarðsins. Skjólveggir og sölupallar. Val og skipulag trjá- og runnagróðurs. Sumarbústaðalandið. Tölvubókhalld-Navision Financials. Alm. tölvunám. Photoshop. Bókhalld og rekstur. Internet og tölvupóstur. Fluguhýtingar. Fluguköst. Skattskýrslugerð. Ítölsk matargerð. Stjórnspeki. Að leggja og túlka Tarotspil. Bættum framsögn-eflum sjálfstraust. Hjónanámskeið. Söngnámskeið. Pitt er orðið-ræðumennska.

Námsaðstoð fyrir nemendur í 10. bekk í samræmdum greinum.

Prófáfangar í samstarfi við Flensborgarskóla. Íslenska 102.


Stærðfræði 102 og 202. Enska 102 og 202. Ítalska 102. Spænska 203 og spænska taltímar.

Námskeið fyrir dagmæður. Námskeið fyrir eldri borgara.

Námskeið fyrir starfsmenn sveitarfélaga og starfsmenn stofnana

og fyrirækja á almennum markaði: Stefnumótun, markmiðasetning, forgangsroðun og ákvarðanataka. Markvissir fundir og hópstarf. Rekstur stofnana og málaflokka. Verkefnastjórnun. Gæðastjórnun. Heimasíður-skipulag efnisflokka og viðhald upplýsinga.

Nánari uppl. er að finna á heimasíðu www.namsflokkar.hafnarfjordur.is



Sigurður Haraldsson við störf hjá Shell í Suðurfelli

Vel tókst til með starfsmenntun olíufélaganna og Starfsafls

Hugur í mönnum að halda áfram

Fyrsta önnin í samstarfi Starfsafls og olíufélaganna Esso, Skeljungs og Olís þar sem starfsfólki á þjónustustöðvum hefur verið boðið upp á fjölbreytt námskeið er lokið. Boðið var upp á fagnámskeið sem sniðin voru að starfi á bensínstöðvum t.d. námskeið um bílinn þar sem fjallað var um almenn atriði varðandi uppbyggingu, virkni og viðhald bílsins. Einnig var fjallað um þau efni sem seld eru á bensínstöðvum og almenna aðra þjónustu við bílinn.

Tölvunámskeið og enskunámskeið var í boði, tölvunámskeiðin voru mjög vel sótt og enskunámskeiðið þótti áhugavert en þar var

áherslan á talþjálfun og að byggja upp orðaforða. Einnig var farið yfir helstu orð og orðasambönd sem notuð eru í sambandi við bílinn, afgreiðslu á bensínstöðvum og þjónustu við ferðamenn.

Álit allra þeirra sem stóðu að námskeiðunum er að vel hafi tekist til og hugur í mönnum að halda áfram.

Undirbúningur að vorönn 2002 er í fullum gangi. Boðið veður upp á áframhaldandi tölvunámskeið, bæði fyrir byrjendur og þá sem lengra eru komnir. Þjónusta við erlenda ferðamenn, fjármál heimilanna, samskipti og þjónusta, brunavarnir og hjálp í viðlögðum eru námskeið sem leitast verður við að halda.

Margir kannast við þegar þeir eru á ferð erlendis að gott er að leita til starfsmanna bensínstöðva um leiðbeiningar og fá hjálp við að ná til áfangastaðar. Eitt af þeim námskeiðum sem áætlað er að bjóða upp á er þjónusta við erlenda ferðamenn. Þar verður fjallað um mikilvægi allra starfsmanna sem þjónusta ferðafólk á Íslandi. Eftir hvers konar upplýsingum leita ferðamenn helst? Hvernig á að leiðbeina þeim, vísa þeim á áhugaverða staði og vísa þeim til vegar, eru nokkrir af þeim þáttum sem teknir verða fyrir á námskeiðinu. Hlutverk allra þeirra sem þjónusta ferðamenn er mikilvægt, þannig að ferðafólk sé ánægt og taki þar með þátt í því að auka gjaldeyrstekjur þjóðarinnar.

Þeir félagsmenn Eflingar sem starfa hjá fyrrnefndum fyrirtækjum fá sendan bækling um mánaðarmótin janúar/febrúar með öllum upplýsingum er varða símenntun olíufélaganna og Starfsafls fyrir vorönn 2002.

Sigurður Haraldsson

Ég hafði mjög mikið gagn af námskeiðinu



Sigurður Haraldsson, útimaður á Shellstöðinni í Suðurfelli, sagði að ýmislegt gagnlegt hefði verið kennt um bílinn eins og varðandi olíu, frostlög, ljósaperur og fleira. Þarna komu líka fram nýjungar í sambandi við Volkswagen bíla og fleiri tegundir og m.a. að þeir eru farnir

að nota sérmerktan frostlög. Ef hefðbundinn frostlögur er settur saman við fellur frostpolið niður sem gæti valdið tjóni á bílum. Ég hafði mjög mikið gagn af þessu námskeiði því að breytingar í bílaiðnaðinum eru svo örvar. Það eru jú bílarnir sem við erum að þjónusta. Ég er ákveðinn í að halda áfram á þessari braut og sækja næst tölvunámskeið sem boðið verður upp á. Svo verður líka boðið upp á enskunámskeið en ég er ekki búinn að ákveða hvort ég fari á það, sagði Sigurður.

Alveg frábær kennari

-segir Árni Guðmundsson

Árni Guðmundsson, útimaður á Shell stöðinni við Birkimel, sagði að farið hefði verið mjög ýtarlega í allt sem viðkemur bílnum og allt sem þyrfti að varast. Kennarinn, Ásgeir Þorsteinsson, var alveg frábær og fór vel í gegnum þetta og öll efnin sem eru notuð þannig að námskeiðið var mjög uppbyggilegt, sagði hann. Það sem kom mér mest á óvart var að ég hef alltaf haldið að eftir því sem okt-



Árni Guðmundsson

antalan er hærri gæfi bensínið meiri kraft. En Ásgeir leiddi okkur í allan sannleikann um að eftir því sem oktantalan er hærri yrði þjöppunin meiri og það væri hún sem gæfi kraftinn. Mér skilst að það eigi að bjóða upp á fleiri námskeið þessu tengt og ég mun reyna að komast á þau, segir Árni að lokum.

BIOMEGA

Krakkar þurfa kalk

...fyrir bein

...og tennur




Krakka Kalk eru bragðgóðar og freyðandi tuggutöflur með D-vítamíni. Ein tafla af Biomega Krakka Kalki inniheldur sama kalkmagn og eitt glas af mjólk.

Fæst í apótekum



Starfstengd námskeið

- launaflokkannámskeið fyrir starfsmenn hjá Reykjavíkurborg og Landspítala

Heimþjónusta

Námskeiði fyrir starfsmenn í heimþjónustu verður haldið nú á vorönn. Fagnámskeið I hefst 25. feb. og stendur til 22. mars. Kennt er frá 8:30 til 12:10 hjá Námsflokkum Reykjavíkur. Námskeiðið er ætlað starfsmönnum sem starfa bæði með eldri og yngri þjónustugega. Innritun hjá deildarstjórum heimþjónustu.

Leikskólar – leikskólaleiðbeinendur

Námskeið fyrir leiðbeinendur í leikskólum

70 stunda Fagnámskeið I fyrir leiðbeinendur verður haldið 28. janúar - 8. febrúar 2002 kennt verður í Námsflokkum Reykjavíkur í Mjódd kl. 8.45 - 16.00.

70 stunda Fagnámskeið I fyrir leikskólaleiðbeinendur verður haldið 4. mars - 15. mars. Kennt verður í Námsflokkunum í Mjódd kl. 8.45-16.00. Aukanámskeið verður vegna fjölda þátttakenda á þessari önn.

100 stunda Fagnámskeið II námskeið fyrir leiðbeinendur verður haldið 13. maí – 31. maí 2002 kennt verður í Námsflokkum Reykjavíkur við Fríkirkjuveg alla daga vikunnar kl. 8.45-16.00.

Innritun hjá Leikskólum Reykjavíkur

Grunnskólar – mötuneyti

60 stunda námskeið fyrir starfsfólk í starfsmannamötuneytum í grunnskólum Reykjavíkur sem hófust í haust verður haldið áfram nú á

vorönn. Námskeiðin eru í heild 60 stundir og þeir sem sækja allt námið, 60 stundir, með fullnægjandi ástundun fá eins launaflokks hækkun í lok námskeiðanna. Kennsla fer fram í hús-næði Kennaraháskóla Íslands, Skipholti 37, þriðju hæð. Upplýsingar og innritun er hjá Ingunni Þorsteinsdóttur hjá Eflingu s. 510-7500, inga@efling.is, og hjá Ingunni Gísladóttur hjá Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Umönnun aldraðra og fatlaðra

Fagnámskeið II fyrir starfsfólk í umönnun aldraðra og fatlaðra.

Námskeiðið hefst 11. febrúar og stendur til 20. mars. Kennt er á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum kl 9:00 til 16:00. Kennt verður í Námsflokkunum Reykjavíkur í Miðbæjarskóla. Innritun er á skrifstofu Eflingarstéttarfélags í síma 5107500. Stefnt er að því að námsefnið sé matshæft inn í félagsliðanám en það er unnið út frá námskrá félagsliða.

Þetta námskeið var áður 100 stunda sérhæfninámskeið.

Eldhús, ræsting, býtibúr og þvottahús

Fagnámskeið II verður haldið fyrir starfsmenn í eldhúsum ræstingu og býtibúri 11. mars- 22. mars og svo 3. apríl – 10. apríl Námskeiðið er nú 110 tímar þar sem námskeiðin hafa verið endurskoðuð og sameinuð í 2 námskeið. Kennt er kl. 8:45- 16:00. Kennslan fer fram í kennslustofum Námsflokka í Mjódd.

Kveðja

Bjarni Jakobsson

Fæddur 26. febrúar 1931 – Dáinn 24. desember 2001



Bjarni Jakobsson fyrrverandi formaður Iðju, félags verksmiðjufólks, lést 24. desember s.l.

Hann var fæddur í Reykjavík 26. febrúar 1931 og var því 70 ára þegar hann lést. Hann var sonur hjónanna Jakobs Bjarnasonar og Steinunnar Benediktsdóttur.

Bjarni hóf ungur störf í iðnaði og vann um langt árabíl í Axminster en það fyrirtæki framleiddi teppi um áratugaskeið. Árið 1973 hóf hann störf á skrifstofu Iðju, félags verksmiðjufólks, og starfaði þar til ársins 1986. Árið 1959 var Bjarni fyrst kosinn í trúnaðarmannaráð félgsins en hafði áður verið trúnaðarmaður þess hjá Axminster. Þar átti hann sæti til ársins 1973 þegar hann var kosinn ritari félagsins, en 1976 var hann kosinn formaður í allsherjaratkvæðagreiðslu sem fram fór til stjórnarkjörs það ár og gengdi formennsku til ársins 1986.

Fleiri trúnaðarstörf voru Bjarna falin af sam-

tökum iðnverkafólks og verkalýðshreyfingunni í heild. Þegar Landssamband iðnverkafólks var stofnað 1973 var hann kosinn ritari í fyrstu stjórn þess og gegndi hann því starfi til ársins 1986. Hann var fulltrúi Iðju á nokkrum þingum Alþýðusambandsins og varamaður í miðstjórn þess frá 1980 til 1988. Bjarna voru falin fleiri trúnaðarstörf af hálfu verkslýðshreyfingarinnar t.d. var hann í bankaráði Alþýðubankans og varaformaður þess um skeið. Einnig starfaði hann á vettvangi Sjálfstæðisflokksins og gegndi þar trúnaðarstörfum.

Það sem einkenndi Bjarna í daglegri umgengni var hæg og yfirveguð framkoma og hlýtt viðmót.

Ég vil þakka Bjarna 13 ára samstarf og fyrir margar ánægulegar stundir frá þeim tíma.

Fjölskyldu hans og öðrum ættingum votta ég fyllstu samúð.

Guðmundur Þ Jónsson



Matvæla og veitingageiri

Nýir námsmöguleikar

- eins til tveggja anna námsbrautir í matreiðslu, þjóni, bakariðn og slátrun

Starfsgreinaráð í matvæla- og veitingagreinum hefur nú til umfjöllunar drög að skýrslu um nýjar námsbrautir fyrir þá sem ekki vilja að svo stöddu fara í fullgilt iðnnám í viðkomandi greinum. Tillögurnar gera ráð fyrir að með því að taka nám í eina önn í skóla (12 vikur) verði hægt að fá starfsviðurkenningu í viðkomandi grein. Ef launamaður hefur starfað við fagið í 2 ár og er eldri en 25 ára þarf ekki sérstakt vinnustaðanám til viðbótar. Samkvæmt framkomnum tillögum er stefnt að þessu námi í matreiðslu, þjónanámi, bakaraíðn og slátrun.

Gert er ráð fyrir að starfsmenn sem ljúka þessu styttra námi geti starfað sem aðstoðarmenn iðnlærðra. Þannig geti þeir sem klára starfsnám á sviði matreiðslu unnið í mótuneytum, séð um undirbúning matreiðslu og matreitt léttu rétti. Þeir sem ljúka námi á sviði framleiðslu geti unnið á faglegan hátt að mótöku gesta, borðlagningu, blöndun drykkja, kunnað skil á matseðlum og unnið fleiri störf undir handleiðslu faglærðs framleiðslumanns. Á sama hátt geti þeir sem klára starfsnám í bakaraíðn og slátrun unnið undir haldleiðslu iðnaðarmanns viðkomandi grein og unnið þau almennu störf við fagið sem krefjast ákveðinnar grunnþekkingar.

Ef þessar nýju námsbrautir komast til framkvæmda verða væntanlega skoðaðir möguleikar á því að kennslan geti farið fram í námskeiðsformi og e.t.v. á þeim tímum sem henta fólki í vinnu. Þá munu þeir sem tækju þessar styttri námsbrautir geta nýtt sér það nám til áframhaldandi iðnnáms og lokið því með sveinsprófi ef vilji væri fyrir hendi.

Hvernig eru styrkir til náms?

Með síðustu kjarasamningum var stofnsettur sameiginlegur fræðslusjóður Eflingar og verkalyðsfélaganna í Hafnarfirði og Keflavík (Flóabandalagsins) með atvinnurekendum. Reglur eru þannig að hámarksstyrkur á ári er á bilinu 27.000 – 42.500 miðað við lágmarksfélagsgjald.

En styrkir til einstaklinga eru aðeins hluti af starfi hins nýja fræðslusjóðs því megin-tilgangur hans er að standa að nýjum fræðslumöguleikum fyrir félagsmenn í samvinnu við fyrirtæki og fræðsluaðila.

Félagssliðanámið

Góð reynsla í umönnunarstörfum

Góð reynsla er af námsbraut fyrir félagssliða sem hefur verið í boði fyrir nemendur í Borgarholtsskóla um nokkurra ára skeið. Komið hefur í ljós að þetta nám hentar þeim afar vel sem eru að vinna með aldraða og fatlaða bæði í umönnun á dvalar og hjúkrunarheimilum auk heimaþjónustu og á sambýlum fyrir fatlaða. Námskráin er m.a. sniðin að þessum störfum. Námið gefur einnig nýja möguleika.

Nokkrir tugir nemenda hafa þegar útskrifast og eru þessir nemendur þegar starfandi á vinnumarkaði. Þeir hafa almennt reynst vel í starfsmannahópum í umönnunarstörfum. Námsflokkar Reykjavíkur hafa einnig boðið upp á kvöldskóla til að ná hluta áfanganna sem eru í félagssliðanáminu.

Aðsókn hefur verið nokkuð góð og hafa nemendur verið duglegir að sækja sér áfanga eftir þessum námsleiðum. Einnig er hluti af þessu námi í boði í Fjölbautaskólanum í Breiðholti.

Nemendur geta sótt um endurgreiðslu á

námskostnaði í starfsmenntasjóði sína hjá Eflingu-stéttarfélagi. Til þess að eiga þann rétt þurfa félagsmenn að hafa unnið í 12 mánuði.

Mikið er spurt um hvort þeir sem lengi hafa starfað í þessum starfsgreinum fái það metið til styttingar á náminu og einnig hvort það sama eigi við um námskeið eldra félagsins Sóknar eða sambærileg námskeið Eflingar-stéttarfélags. Að þessu er nú verið að vinna með menntamálaráðuneytinu og er þess vænst að niðurstaða liggi fyrir snemma árs 2002.

Nú á síðustu árum hefur sambærilegt nám notið mikilla vinsælda í Danmörku og er nú svo komið að mikill hluti starfsmanna á öldrunarstofnunum og sambýlum hefur þessa menntun og bera þeir starfsheitið social og sundhetshjelper. Menntunin hefur breytt starfsmannasamsetningu á umönnunarstofnunum hjá Dönum og hentar eins og klæðskera-saumuð fyrir þarfir atvinnulífsins.

Að þessu markmiði er nú stefnt hér á landi.





Hafnarskólinn

Fyrstu nemendur útskrífast

Fyrstu nemendur Hafnarskólans sem hóf starfsemi síðastliðið haust útskrifuðust í desember sl. með pomp og prakt þegar Páll Pétursson, félagsmálaráðherra afhenti nemendum viðurkenningar fyrir góða frammistöðu í náminu. Fulltrúar þeirra sem höfðu unnið að þessu

góða framtaki þ.e. Samskipa, MFA og Eflingar-stéttarfélags voru einnig á staðnum og ávarpuðu Knútur Hauksson aðstoðarframkæmdarstjóri Samskipa og Sigurður Bessason, formaður Eflingar hópinn og óskaðu nemendum og öllum aðstandendum námsins til hamingju með þann árangur sem þetta nám væri að skila. Að lokinni útskrift stilltu nemendur sér upp fyrir ljósmyndara Eflingarblaðsins. Þeir eru frá vinstri:

Anna Kristín Halldórsdóttir, fræðslustjóri; Guðni Þórarinnsson, kranamaður; Guðni Þór Guðjónsson, kranamaður; Jens Kristjánsson, hjá Landflutningum; Benedikt Heiðar Jóhannsson, skipaafgreiðslu; Magni Þór Harðarson, vinnur í vöruhúsi A; Georg Magnússon, skipaafgreiðslu; Aftari röð f.v. Páll Pétursson, félagsmálaráðherra; Sigurður Helgi Gunnarsson, keyrir dráttartæki; Páll Gunnarsson, hjá Ísheimum frystigeymslu; Svanberg Þór Sigurðsson, vöruhúsi A; Jón Atli Jóngeirsson, Landflutningum; Ari Bragason, skipaafgreiðslu; Knútur Hauksson, aðstoðarforstjóri Samskipa; Hólmfríður Guðmundsdóttir, MFA; og Sigurður Bessason, formaður Eflingar-stéttarfélags.





Hafnarvinnuskólinn er afrakstur samstarfs-verkefnis Eflingar, Samskipa, MFA og Starfs-greinasambandsins en með skólanum verður til fyrsta alvöru nám fyrir hafnaverkamenn en fram að þessu hafa eingöngu verið styttri náms-keið í boði. Eins og mál standa í dag hefur Eimskipafélagið tekið þá ákvörðun að standa utan þessa náms og er það miður því þörfir fyrir slíkt nám er til staðar þar sem hafnarvinna er unnin. Unnið verður að því að gera starfs-mönnum Eimskiparfélagsins kleift að sækja þetta nám enda eru engar forsemdur fyrir öðru en að þeir eigi sömu möguleika og starfsfélagar þeirra hjá Samskipum.



Starfsm aður!
Gleymdist að kjósa Öryggistrúnaðarmann
á þínum vinnustað?

- Þar sem vinna 10 manns eða fleiri skulu starfa
Öryggistrúnaðarmaðir og Öryggisvörður,
- Þar sem vinna 50 manns eða fleiri skal starfa
Öryggisnefnd.
- Þar sem starfa færri en 10 manns annast *afvinnu-
andi* eða *verkstjórn* vinnuverndarmál í samstarfi
við starfsmenn og *félagslegan trúnaðarmann.*

Öryggistrúnaðarm aður!
Öryggisvörður!
Trúnaðarm aður stéttarfélags !
Verkstjórn Stjórnandi !

Til að auðvelda ykkur ábyrgðarmikil
vinnuverndarstörf
heldur Vinnueftirlitið

NÁMSKEIÐ

um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi
á vinnustað.
Leitið upplýsinga um næsta námskeið.



VINNUEFTIRLITIÐ
Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík
Sími 550 4600 - Fax 550 4610
vinnueftirlit@ver.is - www.ver.is



Vorönn

Nám fyrir trúnaðarmenn og félagsleg námskeið

Sérstök tölvunámskeið og framhaldsnámskeið í boði

Trúnaðarmannanámskeið verða haldin nú á vorönn bæði fyrir þá sem ekki hafa farið á trúnaðarmannanámskeið og þá sem hafa lokið fyrsta námskeiði og vilja taka trúnaðarmannanámskeið II. Bæði námskeiðin standa í viku og verða haldin í fræðslusetri Eflingar að Sæ-túni 1 4. hæð.

Tölvunám fyrir trúnaðarmenn

Efling mun nú á vorönn bjóða aftur uppá tölvunámskeið fyrir trúnaðarmenn félagsins þeim að kosnaðarlausu. Tölvuþekking er sífellt að verða stærri þáttur í starfi trúnaðarmanna s.s. vegna upplýsingaöflunar og samskipta við félagsmenn og félagið. Námskeiðin eru sem fyrr haldin hjá Tölvuskóla Reykjavíkur sem nú er til húsa að Skeifunni 11 b (í sama húsi og Rafiðnaðarskólinn). Boðið verður uppá hæga yfirferð fyrir byrjendur en venjulega yfirferð fyrir þá sem eitthvað hafa snert á tölvum. Á námskeiðinu er farið í grundvallarþætti í

Windows stýrikerfinu ásamt því sem kennt er á tölvupóst og internetið. Fjögur námskeið verða haldin samkvæmt töflu hér að neðan.

Skráning er hjá Eflingu – stéttarfélagi í síma 510-7500.

Framhaldsnámskeið fyrir trúnaðarmenn

Þá verða haldin sérstök eins og tveggja daga námskeið í apríl fyrir þá sem hafa lokið bæði Trúnaðarmannanámskeiði I og II. Á fyrra námskeiði verður m.a. fjallað um almannatryggingar og lífeyrissjóðskerfið. Síðara námskeiðið mun taka sérstaklega á ársreikningum og framleiðni fyrirtækja. Bæði þessi námskeið taka þannig á efni sem æskilegt er að allir trúnaðarmenn hafi einhverja þekkingu á.

Minnt er á að allir trúnaðarmenn eiga samningsbundinn rétt á námskeiðum á hverju ári og hvetjum við trúnaðarmenn til að kynna sér þann rétt og nýta til þess að byggja upp þekkingu á málum sem snerta alla launamenn.

Yfirlit yfir félagslega fræðslu Eflingar á vorönn 2002

Námskeið:	Dags.:	Tími:	Staður
Trúnaðarmannanámskeið I	18.-22. febrúar (vika)	9:00 – 16:00	Sætún 1
Trúnaðarmannanámskeið II	25. febrúar - 1. mars (vika)	9:00 – 16:00	Sætún 1
Trúnaðarm.námsk. frh. (tryggingar., lífsj.)	8. apríl. (einn dagur)	9:00 – 16:00	Sætún 1
Trúnaðarm. námsk frh. (ársreikn., framl.)	22. apríl og 23. apríl (tveir dagar)	9:00 – 16:00	Sætún 1
Sjálfstyrkingarnámskeið	22., 24. og 29. janúar (þrír dagar)	19:00 – 22:00	Sætún 1
Sjálfstyrkingarnámskeið	5., 7. og 12. mars. (þrír dagar)	19:00 – 22:00	Sætún 1
Foreldrafræðsla	2. mars (einn dagur)	10:00 – 15:00	Sætún 1
Starfslokanámskeið	12., 14. og 16. febrúar (þrír dagar)	19:00-22:00/10:00-15:00	Sætún 1
Starfslokanámskeið	9., 11. og 13. apríl (þrír dagar)	19:00-22:00/10:00-15:00	Sætún 1
Tölvunámskeið fyrir trún.menn. (hæg yfirferð)	5., 7., 12., og 14. febrúar	13:00 – 16:30	Skeifunni 11b
Tölvunámskeið fyrir trún.menn. (hæg yfirferð)	5., 7., 12. og 14. mars.	13:00 – 16:30	Skeifunni 11b
Tölvunámskeið fyrir trún.menn. (venjuleg yfirferð)	19., 21., 26. og 28. febrúar	13:00 – 16:30	Skeifunni 11b
Tölvunámskeið fyrir trún.menn. (venjuleg yfirferð)	19., 21., 25. og 26. mars.	13:00 – 16:30	Skeifunni 11b

Sjálfstyrkingarnámskeið og foreldrafræðsla fyrir alla félagsmenn

Hinum vinsælu sjálfstyrkingarnámskeiðum verður framhaldið nú á vorönn. Allir Eflingarfélagar geta sótt námskeiðin sem eru haldin í kennsluáðstöðu Eflingar við Sætún 1, 4. hæð og skráning er hjá Eflingu í síma 510-7500.

Foreldrafræðslunámskeið fyrir Eflingarfélagar verður haldið laugardaginn 2. mars. Tekið verður á þáttum eins og um hvað uppeldi snýst, mikilvægi hvatningar og örvunar og ein-kenni góðra samskipta barns og foreldra. Skráning á foreldrafræðslunámskeiðið er hjá Eflingu í síma 510-7500.

Starfslokanámskeið fyrir félagsmenn sem eru að hætta störfum.

Að venju mun Efling standa fyrir starfslokanámskeiðum fyrir félagsmenn sem eru að nálgast starfslok. Þegar kemur að þessum tímamótum í lífi fólks er að mörgu að gæta og á þessu námskeiði er farið fyrir ýmsar hagnýtar upplýsingar sem eru gagnlegar. Námskeiðin, sem verða tvö (en hvert námskeið stendur í þrjá daga - þriðjud. og fimmtud. og laugard.), eru haldin að Sætúni 1, 4. hæð og skráning er hjá Eflingu í síma 510-7500

Öll ofangreind námskeið eru félagsmönnum Eflingar að kostnaðarlausu en forsenda þess að námskeiðin verði haldin er að lágmarkspáttaka náist sem er 12 nemendur.



NÁMSKEIÐ

fyrir almenning, fyrirtæki,
stofnanir og starfsstéttir
Skoðið úrvalið á
www.fa.is/framvegis

Framvegis – fjársjóður í fræðslu
Fjölbrautaskólanum við Ármúla
sími: 581 4022
netfang: bjorg@fa.is

Landnemar

- langt íslenskunám fyrir Eflingarfélaga fer af stað



Í Eflingu - stéttarfélagi eru nú hátt á annað þúsund félagsmenn sem eru af erlendu bergi brotnir og lítur félagið á það sem skyldu sína að reyna að þjóna þessum hóp eftir fremsta megni. Íslenskukennsla ásamt sérstakri kynningu á réttindum og skyldum launafólks á Íslandi er hluti þessarar þjónustu og nýjasta verkefni okkar á þeim vettvangi, ásamt með Menningar- og fræðslusambandi alþýðu, er hinn svokallaði Landnemaskóli.

Landnemaskólinn, sem er 250 stunda samfélagstengt íslenskunám, fer af stað nú í lok janúar. Styrkir vegna námsins fengust bæði úr starfsmenntaráði félagsmálaráðuneytisins og starfsmenntasjóðum sem Efling – stéttarfélag á aðild að. Það er Menningar- og fræðslusamband alþýðu sem mun hafa umsýslu með námskeiðinu í samvinnu við Eflingu. Nokkrum fyrirtækjum og stofnunum var boðið að senda erlenda lykilstarfsmenn í þetta nám og munu starfsmenn halda launum hjá sínum fyrirtækjum á meðan að námi stendur.

Með þessu tilraunaverkefni er stigið nýtt skref íslenskukennslu fyrir Eflingarfélaga sem hingað til hafa aðeins átt kost á styttri námskeiðum sem hafa skilað misjöfnum árangri. Má því segja að með þessu framtaki sér Efling að koma sérstaklega til móts við þann stóra hóp innan félagsins sem er af erlendu bergi brotið en u.þ.b. 15% félagsmanna hafa annað en íslensku sem sitt móðurmál.

Íslenska fyrir erlent starfsfólk á Landspítala

Ákveðið hefur verið að undirbúa námskeið í íslensku fyrir erlent starfsfólk hjá Landsspítala háskólasjúkrahúsi. Áætlað er að kennsla hefjist 22.janúar og standi til 6.mars.

Kennslan fer fram á hverjum vinnustað og er gert ráð fyrir að kennslustundir verði kl.13:30-15:40. Alls er um 60 kennslustundir að ræða og verða kennslustaðir á LSP Fossvogi, LSP við Hringbraut og í Þvottahúsi ríkisspítala.

Strax eftir áramót hefst vinna við að greina stöðuna á hverjum stað til að undirbúa námið þannig að hóparnir séu staddir á svipuðu stigi hvað þekkingu á íslensku varðar.

Stefnt er að fleiri námskeiðum fyrir önnur svið á vorönn. Ekki er enn ljóst um fjármögnun frekara náms en það skýrist þegar endanlegt svar frá menntamálaráðuneytinu liggur fyrir í því efni.



Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir óskar einni af fjölmörgum nemendum til hamingju með árangur í skólastarfi Eflingar

Nýtt nám á leikskólasviði

Hægt að taka einingar í kvöldskólum

Á undanförunum árum hefur verið unnið að nýrri námsbraut fyrir það starfsfólk sem sinnir uppeldi barna og tekur þátt í daglegri umönnun þeirra í leikskólum og grunnskólum. Þessi námsbraut er 75 einingar sem hægt er að taka á 2 árum eða hægar. Námið er mikilvægt fyrir félagsmenn Eflingar sem starfa á þessu sviði og gott tækifæri fyrir þá sem eru í starfi þar sem hægt er að taka einingar í kvöldskólum.

Væntanlega geta starfsmenn sem hyggjast fara þessa námsleið tekið einingar í kvöldskólum og þannig byggt upp sinn námsferil. Stefnt er að undirbúningi þess að fólk sem starfað hefur í einhvern árafjölda geti stýtt sér leiðina að lokamarkmiðinu.

Helstu kennslugreinar eru uppeldisfræði, sál- arfræði, félagsfræði, fjölskyldan, fötlun, leikur sem náms- og þroskaleið, listir fog skapandi starf, samskipti, siðfræði, umönnun og daglegt starf. Nokkrar af þessum einingum er hægt að taka í kvöldskólum og hjá Námsflokkum Reykjavíkur.

Það er starfsgreinaráð um uppeldis- og tóms- undasvið sem hefur á undanförunum árum unnið að þessari nýju námsbraut. Námskrár- vinnan er á lokastigi og er þess vænst að menntamálaráðuneytið gefi hana út í lok janú- ar þannig að hægt sé að kenna hana á fram- haldsskólastig næsta haust.

Smelltu á www.efling.is



**VINNUMIÐLUN
HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS**

Engjateigi 11, 105 Reykjavík, sími: 588 2580
fax: 588 2587, netfang: vinnumidlun.hb@svm.is

Vinnumiðlun, ráðgjöf og
atvinnuleysissskráning fyrir íbúa
í Reykjavík, Seltjarnarnesi, Hafnarfirði,
Bessastaðahreppi, Garðabæ,
Kópavogi, Mosfellsbæ og Kjós.

Afgreiðslutími alla virka daga frá kl. 9-15.30
Einnig eru veittar upplýsingar í síma.

Breytingar á staðgreiðslu og persónuafslætti

- skattalækkun með viðbótarsparnaði



Nú um áramót urðu breytingar á staðgreiðsluprósentu og upphæð persónuafsláttar. Þannig verður hundraðshluti staðgreiðslu nú 38,54% og persónuafsláttur verður 26.002 krónur. Meðfylgjandi tafla sýnir frádrátt vegna lífeyrisgreiðslna, sem eru frádráttabærar frá skatti, ásamt þeirri upphæð sem við greiðum í skatta af launum á bilinu 90.000 krónur upp í 250.000 krónur. Þá er einnig sýndur útreikn-

ingur ef launamaður nýtir sér viðbótarlífeyrissparnað (4%) og þann skattasparnað sem næst fram með þessu framlagi. Athugið að á móti þessum viðbótarlífeyrissparnaði launamanns greiðir atvinnurekandi 2% og ríkisvaldið 0,4%. Viðbótarlífeyrissparnaður er því tvímælalaust lang skynsamlegasta sparnaðarleiðin í dag.

26.002 kr 38,54%			Skattur með viðbótar sparnaði		Skatta lækkun m. viðb. sparnaði
TEKJUR	Skyldu Lífeyrisj.	Skattur	Viðbóta lífeyrissp.		
	4%		4%		
90.000	3.600	7.297	3.600	5.909	1.387
95.000	3.800	9.146	3.800	7.682	1.465
100.000	4.000	10.996	4.000	9.455	1.542
105.000	4.200	12.846	4.200	11.228	1.619
110.000	4.400	14.696	4.400	13.000	1.696
115.000	4.600	16.546	4.600	14.773	1.773
120.000	4.800	18.396	4.800	16.546	1.850
125.000	5.000	20.246	5.000	18.319	1.927
130.000	5.200	22.096	5.200	20.092	2.004
135.000	5.400	23.946	5.400	21.865	2.081
140.000	5.600	25.796	5.600	23.638	2.158
145.000	5.800	27.646	5.800	25.410	2.235
150.000	6.000	29.496	6.000	27.183	2.312
155.000	6.200	31.346	6.200	28.956	2.389
160.000	6.400	33.195	6.400	30.729	2.467
165.000	6.600	35.045	6.600	32.502	2.544
170.000	6.800	36.895	6.800	34.275	2.621
175.000	7.000	38.745	7.000	36.047	2.698
180.000	7.200	40.595	7.200	37.820	2.775
185.000	7.400	42.445	7.400	39.593	2.852
190.000	7.600	44.295	7.600	41.366	2.929
195.000	7.800	46.145	7.800	43.139	3.006
200.000	8.000	47.995	8.000	44.912	3.083
205.000	8.200	49.845	8.200	46.684	3.160
210.000	8.400	51.695	8.400	48.457	3.237
215.000	8.600	53.545	8.600	50.230	3.314
220.000	8.800	55.394	8.800	52.003	3.392
225.000	9.000	57.244	9.000	53.776	3.469
230.000	9.200	59.094	9.200	55.549	3.546
235.000	9.400	60.944	9.400	57.321	3.623
245.000	9.800	64.644	9.800	60.867	3.777
250.000	10.000	66.494	10.000	62.640	3.854

Tölvuskóli Reykjavíkur flytur í Skeifuna 11 b.

- Enn öflugra samstarf með Rafiðnaðarskólanum

Nú um áramót flutti Tölvuskóli Reykjavíkur úr Faxafeni í Skeifuna 11 b þar sem Rafiðnaðarskólinn var fyrir til húsa. Með flutningunum verður tekið upp enn öflugra samstarf við Rafiðnaðarskólann en Tölvuskóli Reykjavíkur er í eigu Eflingar – stéttarfélags og Rafiðnaðarsambandsins.

Hin nýja aðstaða í Skeifunni er öll hin glæsilegasta og með aukinni samvinnu við Rafiðnaðarskólann bjóðast enn betri möguleikar á styttri og lengri námskeiðum fyrir Eflingarfélagi.

Áfram verður haldið með sérstök námskeið fyrir Eflingarfélagi sem aðeins kosta 8.000 krónur, og geta Eflingarfélagar sótt um endurgreiðslu fyrir 60-75% af þeirri upphæð. Þá verður boðið uppá sérstök námskeið fyrir



eldri borgara ásamt því sem sérstök tölvunámskeið fyrir nýbúa verða haldinn á ensku.

Meðfylgjandi er tafla sýnir dagsetningar og tímasetningar nokkurra vinsælla námskeiða en fulla stundaskrá fyrir vorönn er hægt að nálgast hjá Tölvuskóla Reykjavíkur. Athugið að sérstök verð gilda fyrir Eflingarfélagi og munið að sækja um endurgreiðslu fyrir hluta kostaðar hjá fræðslusjóðum Eflingar.

Framhald á næstu síðu

Fræðslusjóðir og starfsmenntun

Hvað fæ ég endurgreitt?

**- Styrkir hækka úr fræðslusjóðum
-27 þúsund króna almennur styrkur til starfsnáms**

Nú um áramót hækkuðu styrkir sem félagsmenn Eflingar geta sótt í fræðslusjóði vegna starfsmenntunar.

Starfsafl, fræðslusjóður fyrir félagsmenn á almennum markaði, greiðir nú allt að kr. 27.000.- á ári vegna starfsnáms félagsmanna en aldrei er þó greitt meira en sem nemur 60% af heildarkostnaði við viðkomandi nám/námskeið. Meirapróf er þó styrkt um kr 42.500.-

Fræðslusjóðir á opinberum markaði hækka sína styrki einnig og er hámarksstyrkur þar nú 42.500 en almennt er ekki greitt meira en sem nemur 75% af kostnaði fyrir starfsnám þar.



Parabakka 3 109 Reykjavík

Kennsla til allra ökuréttinda.
Bífhjólapróf og
almennt ökuþróf (B.réttindi).
**Einnig kennsla fyrir ensku
og taíenskumælandi fólk !**

Aukin ökuréttindi

Kennsla á leigu- vöru og hópþjálfun
og vörubílfreið með eftirvagn.

Hægt að hefja nám alla miðvikudaga !

Reyndir kennarar og góðir kennslubílar.

Aukið við atvinnumöguleikana.

Hringið eða komið og leitið upplýsinga.

Sími 567-0300

E-mail okusk.mjodd@simnet.is

Námskeið í boði hjá Tölvuskóla Reykjavíkur

Dagsetning	Tími	Dagar	Lengd	Alm verð	Eflingarverð
Excel 1					
21.01.2002 - 24.01.2002	08:30 - 12:00	mán-fim	20	20.000	13.000
11.02.2002 - 14.02.2002	17:30 - 21:00	mán-fim	20	20.000	13.000
08.03.2002 - 09.03.2002	08:30 - 16:30	föst, lau	20	20.000	13.000
15.04.2002 - 18.04.2002	08:30 - 12:00	mán-fim	20	20.000	13.000
Excel 2					
25.02.2002 - 27.02.2002	17:30 - 21:00	mán-mið	15	17.000	11.050
Internet Explorer					
11.02.2002 - 12.02.2002	13:00 - 16:30	mán, þri	10	13.000	8.450
15.3.2002	08:30 - 16:30	föst	10	13.000	8.450
Outlook 1					
25.02.2002 - 28.02.2002	13:00 - 16:30	mán, þri	20	20.000	13.000
22.03.2002 - 23.03.2002	08:30 - 16:30	föst, lau	20	20.000	13.000
PowerPoint 1					
18.02.2002 - 20.02.2002	13:00 - 16:30	mán-mið	15	17.000	11.050
Windows					
14.01.2002 - 17.01.2002	8:30 - 12:00	mán-fim	20	20.000	13.000
04.02.2002 - 07.02.2002	17:30 - 21:00	mán-fim	20	20.000	13.000
15.02.2002 - 16.02.2001	08:30-16:30	föst, lau	20	20.000	13.000
11.03.2002 - 14.03.2002	13:00 - 16:30	mán-fim	20	20.000	13.000
08.04.2002 - 11.04.2002	08:30 - 12:00	mán-fim	20	20.000	13.000
13.05.2002 - 16.05.2002	17:30 - 21:00	mán-fim	20	20.000	13.000
Word 1					
28.01.2002 - 31.01.2002	08:30-12:00	mán-fim	20	20.000	13.000
18.02.2002 - 21.02.2002	17:30 - 21:00	mán-fim	20	20.000	13.000
05.04.2002 - 06.04.2002	08:30-16:30	föst, lau	20	20.000	13.000
Word 2					
11.03.2002 - 14.03.2002	08:30 - 12:00	mán-fim	20	20.000	13.000
12.04.2002 - 13.04.2002	08:30 - 16:30	föst, lau	20	20.000	13.000
Word 3					
15.04.2002 - 18.04.2002	13:00 - 16:30	mán-fim	20	20.000	13.000
Sérnsniðin Eflingarnámskeið					
Tölvugrunnur/ Windows					
14.01.2002 - 16.01.2002	08:30 - 12:00	mán-mið	15	8.000	
11.03.2002 - 13.03.2002	13:00 - 16:30	mán-mið	15	8.000	
08.04.2002 - 10.04.2002	08:30 - 12:00	mán-mið	15	8.000	
06.05.2002 - 08.05.2002	13:00 - 16:30	mán-mið	15	8.000	
Internet /tölvupóstur					
11.02.2002 - 12.02.2002	13:00 - 16:30	mán-mið	10	8.000	
22.04.2002 - 23.04.2002	08:30 - 12:00	mán-mið	10	8.000	
13.05.2002 - 14.05.2002	13:00 - 16:30	mán-mið	10	8.000	
Word 1					
28.01.2002 - 30.01.2002	08:30 - 12:00	mán-mið	15	8.000	
25.03.2002 - 27.03.2002	13:00 - 16:30	mán-mið	15	8.000	
Excel 1					
25.02.2002 - 27.02.2002	08:30 - 12:00	mán-mið	15	8.000	
15.04.2002 - 17.04.2002	08:30 - 12:00	mán-mið	15	8.000	
Heimasíðugerð 1					
04.03.2002 - 06.03.2002	13:00 - 16:30	mán-mið	15	8.000	
Heimasíðugerð framhald					
08.04.2002 - 10.04.2002	13:00 - 16:30	mán-mið	15	8.000	
PowerPoint 1					
18.02.2002 - 20.02.2002	13:00 - 16:30	mán-mið	15	8.000	

Þetta eru þínir peningar! Ertu með á nóttunum?



Þeir sem hafa ekki verið með hingað til ættu að hugsa sinn gang og byrja núna og næla strax í hækkunina sem varð nú um áramótin. Þetta eru peningar sem við eigum rétt á en eignumst ekki nema að vera þátttakendur í séreignarsparnaði.

Mótframlag launagreiðenda hækkaði í janúar!

Ert þú einn af þeim sem eignast þessa peninga?

Dæmi miðað við 100.000,-kr. laun og 4% framlag launþega:

	Í dag		1. janúar 2002	
Framlag launþega	4%	4.000,-kr.	4%	4.000,kr.
Framlag launagreiðenda	1%	1.000,-kr.	2%	2.000,kr.
Framlag ríkis	0,4%	400,-kr.	0,4%	400,kr.
Samtals í sparnað		5.400,-kr.		6.400,kr.

(Athugaðu, að þitt framlag er tekið áður en skattur er reiknaður þannig að ef þú greiðir 4.000,-kr. í séreignarsjóð, lækka útborguð laun aðeins um 2.450,-kr.)

Við hvetjum þig til að kynna þér kosti þess að greiða í séreignarsparnað. Hafðu samband við Séreignarsjóð Framsýnar í síma 515-4700 eða 515-4751 og þér verða veittar nánari upplýsingar. Þú getur einnig fengið nánari upplýsingar og skráð þig á heimasíðu sjóðsins á www.framsyn.is.

Á næstu blaðsíðu er umsóknareyðublað í Séreignarsjóð Framsýnar sem þú getur fyllt út og sent til okkar.

**Vertu með og nældu þér í hækkunina á mótframlaginu!
Það er aldrei of seint að byrja!**

Hefur þú nýtt þér styrk úr starfsmenntasjóðum félagsins? - 60-75% endurgreiðsla

Efling hvetur félagsmenn sína til að nýta sér rétt til endurgreiðslu úr starfsmenntasjóðum félagsins. Sjóðirnir styrkja allt starfsnám, þ.m.t. tölvunám, tungumálanám, meirapróf og almennt nám við öldungadeildir framhaldsskóla. Styrkir er aðeins mismunandi eftir því

hvort félagsmenn starfa á almenum markað eða hjá hinu opinbera en geta verið frá 60-75% af kostnaði. Þú getur fengið upplýsingar um þinn sjóð á skrifstofu Eflingar og á heimasíðu félagsins www.efling.is á síðunni „fræðslumál.“



UMSÓKN OG SAMNINGUR UM SÉREIGNARSPARNAÐ Í SÉREIGNARSJÓÐI FRAMSÝNAR

Ég undirrituð/aður sækj hér með um aðild að Séreignarsjóði Framsýnar og óska eftir samningi um séreignarsparnað í samræmi við skilmála á bakhlið umsóknareyðublaðs þessa sem ég sætti mig við að öllu leyti. Með undirritun minni á umsókn þessa og staðfestingu Séreignarsjóðs Framsýnar telst vera kominn á samningur milli mín sem réttihafa og Séreignarsjóðs Framsýnar sem vörsluaðila í samræmi við skilmála samningsins.

Umsækjandi (réttihafi):

Nafn	Kennitala
Heimili	Póstnúmer

Ég undirrituð/aður skuldbind mig til að _____% af heildarlaunum mínum verði greidd mánaðarlega til Séreignarsjóðs Framsýnar inn á séreignarreikning minn hjá sjóðnum.

Löggjald sem nemur að hámarki 4% af löggjaldastofni er undanþegið tekjuskatti. Skrifi umsækjandi ekki inn neina % í þennan reit ef lítið svo á að hann óski eftir því að greiða 4%.

Umsækjanda er heimilt að greiða ákveðna krónufölu mánaðarlega til séreignarsparnaðar í stað ákveðinnar % tölu af heildarlaunum. Ef sú leið er valin skal tilgreina þá upphæð hér _____ kr.

Ég óska eftir því að launagreiðandi minn haldi eftir af launum mínum við hverja útborgun og skili til Séreignarsjóðs Framsýnar í samræmi við ákvæði samnings þessa.

Launagreiðandi:

Nafn	Kennitala
Heimili	Póstnúmer

Ég undirritaður óska eftir því að séreignarsparnaður minn verði ávaxtaður í:

☐ **Framtíðarsýn 1**

Skuldabréf 65%

Hlutabréf 35%

☐ **Framtíðarsýn 2**

Skuldabréf 80%

Hlutabréf 20%

Réttihafi getur flutt sparnað sinn milli safna með skriflegri beiðni þar um.

Samningur þessi er gerður samkvæmt heimildum í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og samkvæmt samþykktum Lífeyrissjóðsins Framsýnar.

Undirskrift umsækjanda

Staður og dagsetning

Undirskrift vottar og kennitala

Staðfesting Séreignarsjóðs Framsýnar

Staður og dagsetning

Undirskrift vottar og kennitala

Vinsamlega sendu samninginn undirritaðan til Séreignarsjóðs Framsýnar, Sættún 1, 105 Reykjavík. Sjóðurinn mun senda þér staðfest ljósrit af samningnum og tilkynna launagreiðanda um hann.





Tryggvi Marteinsson er einn af þeim starfsmönnum Eflingar sem aðstoða félagsmenn sem lenda í uppsagnarmálum þessa dagana

Breytingar á kjörum launafólks

Uppsagnarfrestur gildir alltaf

Á undanförunum mánuðum hafa launafólki verið sagt upp störfum í auknum mæli og á þetta ekki síst við á vinnustöðum félagsmanna Eflingar-stéttarfélags. Mjög mikið er um fyrirspurnir félagsmanna um hvað atvinnurekendur er leyfilegt samkvæmt kjarasamningum. Mikilvægt er að hafa í huga að allar breytingar sem snerta fasta yfirtíð, launakjör, neysluhlé og önnur kjaratengd atriði ber að tilkynna með sama fyrirvara og uppsagnarfrestur er.

Fjöldi mála kemur á degi hverjum til kasta skrifstofu Eflingar-stéttarfélags þar sem launafólki er leiðbeint um hvernig atvinnurekendur beri að standa að uppsagnarmálum. Mörg dæmi eru um að atvinnurekendur virða ekki uppsagnarfrest ráðningarkjara. Uppsögn getur bæði tekið til ráðningarsamnings en einnig er mikið um að atvinnurekendur segi upp yfirborgunum, fastri yfirtíð, neysluhléum, og alls kyns fríðindum.

Töluvert hefur verið um uppsagnir á þessu hausti samhliða því sem aðrir starfsmenn hafa fengið uppsagnir á launakjörum, vinnutíma eða jafnvel hvortvegja.

Það gildir nákvæmlega það sama um allar þessar uppsagnir hvað varðar fyrirvarann.

Launamenn eru alltaf í þeirri stöðu þar sem ráðningarsamningur og ráðningarkjör eru gagnkvæm að ákveði atvinnurekandi að hrófla við ráðningarkjörum, þá ber honum að gera það með kjarasamningsbundnum fyrirvara, en launamaðurinn getur alltaf litið á breytinguna sem uppsögn af hálfu atvinnurekandans.

Launamaðurinn metur því hvort hann eigi að líta að skerðingar á kjörum sem uppsögn og þá um leið hvort hann eigi að leita að nýju starfi í stað þess að taka skerðingunni. Það er hins vegar erfiðara en verið hefur að fá starf og þess vegna er þetta að gerast.

Það er mjög mikilvægt að starfsmenn leiti réttar síns STRAX og einhverjar breytingar eru tilkynntar til að hægt sé að ganga úr skugga um að þar sé rétt að málum staðið.

Það getur þýtt að launamenn eru að missa rétt sinn ef þeir gera ekki sannanlega athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar eða fyrirvarann sem er á þeim.

Það er mjög mikilvægt að starfsmenn leiti réttar síns STRAX og einhverjar breytingar eru tilkynntar



Smelltu á www.efling.is

Jarðlagnataekninám aftur í gang í janúar

Jarðlagnataekninám mun fara af stað í þriðja sinn nú í janúarmánuði. Námið hefur aflað sér almennrar viðurkenningar meðal opinberra orkufyrirtækja en því miður hefur þátttaka frá jarðvinnuverktökum á almenna markaðnum ekki verið sem skyldi. Alls hafa 46 Eflingarfélagar útskrifast úr þessu námi sem þróað var af samtökum orkufyrirtækja (SAMORKU) og Menningar- og fræðslusambandi alþýðu í samvinnu við Eflingu – stéttarfélag. Alls er námið 300 stundir og skiptist í 3 tveggja vikna syrpur;

14.-25. janúar, 11.-22. febrúar og 11. – 22. mars.

Námið er stundað á vinnutíma hafa fengist styrkir frá starfsmenntasjóðum sem Eflingu á aðild að fyrir námskeiðskostnaði en gert er ráð fyrir að framlag fyrirtækja sem senda starfsmenn í námið felist í vinnuframlagi þeirra á meðan að náminu stendur.

Nánari upplýsingar og skráning er hjá Eflingu – stéttarfélagi (Garðar, s. 510-7500) og hjá Menningar- og fræðslusambandi alþýðu (Hólmfríður, s. 533-1818).

Staðgreiðsla sjúkradagpeninga

Skil á skattkortum

Frá og með 1. janúar 2002 eru sjúkradagpeningar staðgreiðsluskyldir. Þetta er gert í samræmi við reglugerð nr. 500/2001 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu og

byggist á kröfu fjármálaráðuneytisins.

Frá og með janúar 2001 þurfa því umsækjendur um sjúkradagpeninga og þeir sem þegar eru að fá greidda sjúkradagpeninga frá Sjúkrajóði Eflingar að skila skattkortum til sjóðsins, ella verða sjúkradagpeningar að fullu skattlagðir. Þetta gildir jafnframt um greiðslu sjúkra- eða slysadagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins.



Alþýðusambandið undir Eflingu

Alþýðusamband Íslands hefur fest kaup á 1. hæð húseignarinnar Sætúns 1 í Reykjavík. Meðkaupendur ASÍ eru Starfsgreinasamband Íslands og Sjómannasamband Íslands. Gert er ráð fyrir því að skrifstofa ASÍ og sambandanna verði í suðurhúsi byggingarinnar.

Breytingar verða gerðar á hæðinni áður en ASÍ og samböndin flytja en áætlað er að þær taki um 2-3 mánuði. Í apríl er gert ráð fyrir flutningi sambandanna og mun þá ASÍ vera undir Eflingu sem er á 3ju hæð Sætúns 1.



Félagsmenn Eflingar

Nýtið ykkur afslættina!

Ýmsir skólar og fræðsluaðilar bjóða félagsmönnum Eflingar afsláttarverð miðað við fullt verð. Þetta getur munað talsverðum upphæðum af endanlegu verði námskeiða. Þá skal minnt á að þetta eru afslættir sem koma til áður en endurgreiðsla kemur til frá viðkomandi starfsmenntasjóðum. Því er mikilvægt þegar farið er á námskeið að spyrja hvort viðkomandi fræðsluaðili bjóði afslætti á fullu verði. Helstu aðilar sem bjóða Eflingarfélögum hagstæð verð og afslætti frá fullu verði fara hér á eftir.

Tölvuskóli Reykjavíkur Faxafeni 10 (s.561-6699) veitir Eflingarfélögum þriðjungsafslátt af listaverði. Skólinn gefur út sérstaka verðskrá fyrir Eflingarfélga. Einnig má nálgast upplýsingar á heimasíðu skólans sem er www.tolvuskoli.is

Tölvu og verkfræðipjónustan Grensásvegi 16 (s.520-9000) veitir Eflingarfélögum 15% afslátt af öllum námskeiðum sem eru 18 klst. eða styttri. 10% afsláttur er veittur af námskeiðum sem eru 19-30 klukkustundir að lengd og 5% af öðrum námskeiðum. Afsláttur miðast við að greitt sé að fullu innan 5 daga frá upphafi námskeiðsins. Einnig má nálgast upplýsingar á heimasíðu skólans www.tv.is

Hraðlestrarskólinn veitir Eflingarfélögum 10% afslátt. Upplýsingar eru í síma 565-9500,

einnig má fá upplýsingar á heimasíðu skólans www.hradlestrarskolinn.is

Iðntæknistofnun veitir Eflingarfélögum 10% afslátt af námi sem stofnunin býður uppá s.s. nám fyrir rannsóknarmenn, gerð myndbanda, að semja með árangri o.fl.

Mímír - Tómskundaskólinn hefur boðið Eflingarfélögum sérstök námskeið á afsláttarverði í tungumálum og fleiri greinum. Fylgist vel með kynningarefni frá skólanum. Vefslóðin er www.mimir.is.

Meðlagsgreiðendur

Meðlagsgreiðendur, vinsamlegast
gerið skil hið fyrsta og forðist
vexti og kostnað.

Innheimtustofnun sveitarfélaga

Lágmúla 9, 108 Reykjavík
Sími 568 6099 - Fax 568 6299



Litir líf og fjör. Göngum við í kringum einiberjarunn

Jólaskemmtun Eflingar

Mamma var næstum dottin í poll

Jólaball Eflingar var haldið laugardaginn 5. janúar síðdegis að Versölum Hallveigarstíg 1. Þetta var hið prýðilegasta ball og mikið dansað



Blikar skært á grænum greinum

við sprellum lifandi leik Snillinganna. Séra Bjarni Þór Bjarnason sá um andlegu hliðina á málunum fyrir okkur og náði vel bæði til barna og fullorðinna.

Veður var hið versta með austanbeljanda og rak á rigningarhryðjur en fólk lét það ekki á sig fá heldur kom með börnin sín og skemmti sér vel.

Tvær ungar vinkonur okkar þriggja og fimm ára sögðu okkur frá samkomunni með sínu orðalagi: Það var svo mikið rok að það reif í okkur og mamma var næstum því dottin í poll. Pabbi fann strax bílahúsið og svo hlupum við bara inn. Séra presturinn var svona bara fín og kann að segja allt við okkur. Við munum ekki hvað jólasveinarnir hétu en þeir voru með skegg svo við þekkjum þá alveg aftur. Súkkulaðikakan var best í drekkutímanum og líka kaka með hvítu kremi og við ætlum að koma aftur næst, líka mamma og pabbi.

Í gömlu kvæði stendur: Guð má vita hvar við dönsuð næstu jóla. Það er mjög líklegt að næsta jólaball verður haldið á sama stað og er þegar búið að taka frá laugardagurinn 28. des-



Hér er hinu talaða orði sýnd virðing og eftirtekt

ember 2002. Það yrði þá í fyrsta skipti sem Efling-stéttarfélag heldur tvö jólaböll sama árið, sem er hið besta mál því jólaskemmtanir

Eflingar eru glaðar og góðar stundir bæði fyrir börn og fullorðna og ekkert til sparað að öllum geti liðið vel.

Framhald af blaðsíðu 14

því að þegar lífeyrissjóðsgjöld eru ekki greidd þá setur skatturinn gjöldin í innheimtu í framhaldinu.

Verði atvinnurekandi t.a.m. gjaldþrota, án þess að iðgjöld greiðist úr búi þrotamanns eða eftir atvikum Ábyrgðasjóði launa þá hefur launþegi og hugsanlega maki hans og börn tapað þeim réttindum sem iðgjöldin hefðu annars skapað. Er í því sambandi ekki bara um að ræða rétt til ellilífeyris, heldur og rétt til örorkulífeyris, makalífeyris og barnalífeyris.

Hvað önnur gjöld varðar, þ.e. iðgjöld í sjúkrasjóð, orlofsheimiliasjóð og félagsgjöld til Eflingar-stéttarfélags, þá valda vanskil á slíkum gjöldum því að launþegi missir ýmis félagsleg réttindi hjá Eflingu-stéttarfélagi, sem og rétt til greiðslna úr sjúkrasjóði félagsins. Sem dæmi geta langvinn veikindi valdið því að starfsmaður tæmi rétt sinn til launa í veikindaforföllum. Ef ekki nýtur við greiðslna úr

sjúkrasjóði í framhaldinu eru góð ráð dýr.

Af þessu tilefni vil ég beina þeim tilmælum til allra félagsmanna Eflingar-stéttarfélags að geyma ávallt alla launaseðla á vísum stað og yfirfara þá með tilliti til lífeyrисиðgjalda, félagsgjalda og annarra afdreginna gjalda s.s. staðgreiðslu. Mikilvægt er að veita því athygli í mars og september hvort yfirlit berist frá lífeyrissjóði og gera viðeigandi ráðstafanir berist ekki yfirlit eða ef yfirlitinu ber ekki saman við launaseðla.

BÓN- OG ÞVOTTASTÖÐIN

Sóltúni 3
Sími 551 4820

	MYNDA- TEXTI	VAND- LÖG AVENTUR	KAMAR- TALA	KRÖNN	MYKA EINS	HÖRI- REIÐU ÞULINN	BLJA- GANGUR MAL- GEFIR	VEIFAN ORÐRÁÐ						
ÆFI- LAGUR SAMST.	▼													
DRANT KONA														
FRÍÐA LITT.	→ ↓				4									
AMBATT				TÍMI KOMAST FYRIR										
GAMALT SKÉLI														
GUD			KARL TIL				8		MYKA SKRAF	HEA- ING	TRÁ EINS	REFSA FLÖKK	FOR- FÖÐUR	
LOTINN STAFUR				10										
VÖKVA	→ ↓				LAPPA BAGGI DEMI									
TÖNN			LEIT ÞJÓFA STAK			SÁTUR TÖNN ÞÖL								
NJA- ROMA ←				2				Ljóni KARL						SKJOTA
FULLT THUGL	→ ↓			HEFA ÖLSTRA	ÖTTI KONA SKEL					MYLDI ÞYGE ÞJÓKA				6
HEITI STAFUR							11							
			ANA AULAR FLÝTA								EINS ILAT			
MÖT- VILJI				5		FANTA- SKAPUR		3						
MYNT ATT		9				TÖLVA EINS MALL			FAAR ÞJÓFT ATT					
●	→ L BENGRAS													END.
VEÐR- NA- LÆFV NR.3				7										12
AMBATT AFAR							MINNA- RDI							
●	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	●	

Lausnarorð:

Nafn:

Vinnustaður:

Sími:

Heimili:

Kennitala:

Verðlaunakrossgáta


Veitt verða verðlaun fyrir lausn á krossgátunni. Verðlaunin nema 8.000,- krónum
 Lausnir sendist til: Efling-stéttarfélag /Krossgátan • Sætin 1 • 105 Reykjavík
 Svar þarf að berast fyrir 20. febrúar nk.

Óskar hjá Gámakó fékk verðlaunin



Pegar dregið var úr réttum lausnum í síðustu krossgátu kom í ljós að heppni lesandinn var Óskar Tryggvason, starfsmaður hjá Gámakó. Hér er Viktoría Jensdóttir að afhenda honum 8.000 króna verðlaun fyrir rétta lausn

Lausn síðustu krossgátu



Aukin ökuréttindi

Leigubifreiðar, vörubifreiðar, hópferðabifreiðar
Eflingarfélagar athugið!

Aukin ökuréttindi - Auknir atvinnumöguleikar

Ökuskóli S.G. Heldur dagnámskeið fyrir fólk af landsbyggðinni eða aðra sem geta nýtt sér styttri og hnitmiðaðri námskeið

Ökuskóli S.G. Næsta námskeið í Reykjavík hefst 10. janúar 2002

Skráningar í sínum 581 1919, 822 3810 og 892 4124
Hagstætt verð og góðir greiðsluskilmálar
Visa og Euro raðgreiðslur til allt að 36 mánaða

Ath! Mörg stéttarfélag taka að hluta þátt í kostnaði fyrir sína félaga.





Framhald af blaðsíðu 17

Spurningunni um hvað sundið gerði fyrir þá segir Þórir að hann finni verulega fyrir því bæði á sál og líkama þegar hann kæmist ekki í sund. Ég vil nú helst gleyma svoleiðis dögum, segir Snær. Benedikt segir að sér finnst þetta hafa mikla þýðingu fyrir sig heilsufarslega. Að fara út í gott loftbað á eftir og teygja á sér er skolli gott fyrir svona fullþroska menn eins og mig, segir hann. Manni líður mikið betur af því að stunda sund og svo er mjög gott að koma í laugarnar og njóta góðs félagskapar, segir Halldór.

Við gefum Snæ síðasta orðið. Auðvitað er það líka þannig að þegar menn eru komnir úr fótunum og í sundskýluna eru allir jafnir og ræða afdráttalaust um málin og draga ekkert af sér. Og umræðan verður oft ákaflega skemmtileg og uppbyggileg líkt og sundið. Við eigum að reyna að lifa þannig að við öflum okkur bæði líkamlegrar og andlegrar heilsu og sundlaugarnar eru einhverjir bestu heilsverndarstaðir sem við eigum og allir sem geta eiga að nýta sér þá. Fréttablað Eflingar tekur undir þetta og hvetur alla til að hefja sundiðkun sér til heilsubótar.

Efling-stéttarfélag

Mikilvægt að hvetja fólk til að ganga í félagið

Í Eflingu-stéttarfélagi er talsvert um að starfsmenn á vinnustöðum greiði í Eflingu en séu ekki félagsmenn. Samkvæmt lögum félagsins þarf að undirrita inntökubeiðni í félagið og koma henni til skrifstofu félagsins til að verða félagsmaður. Þeir sem helst hafa yfirsýn yfir þetta úti á vinnustöðum eru trúnaðarmenn félagsins og síðast en ekki síst sjálfir félagsmenn Eflingar. Mikilvægt er þeir séu meðvitaðir um þessi mál og hvetji alla þá sem ekki eru félagsmenn en vinna eftir jarasamningum félagsins til að gerast félagsmenn í Eflingu.

Af hverju félagsmaður?

Það gætir stundum ákveðinnar tregðu og tomlætis hjá fólki við því að gerast félagsmenn í stéttarfélaginu. Rétt er að benda á bæði þá miklu þjónustu sem félagsmenn eiga kost á

auk þess að vera kjörgengur og hafa atkvæðisrétt varðandi samningamál og trúnaðarstöður í stéttarfélaginu.

Nokkur réttindi viljum við nefna til að minna á þetta.

- Greiðslur úr sjúkrasjóði – allt að 150 daga og 150 daga til viðbótar í alvarlegum veikindum.
- Greiðslur vegna sjúkraþjálfunar
- Fæðingarstyrkur
- Námsstyrkir
- Styrkir vegna krabbameinsskoðunar
- Dvöl í orlofshúsum eða leiga á tjaldvöngum
- Lögfræðileg aðstoð og framtalsaðstoð
- Félagsblað sex sinnum á ári og dagbók félagsins.

Hvetjum því alla sem ekki eru í félaginu til að gerast félagsmenn í Eflingu. Munið að það þarf að ganga frá skriflegri inntökubeiðni til að verða félagsmaður. Hægt er að fá eyðublöðin á skrifstofu Eflingar eða koma á skrifstofuna að Sætúni 1. Einnig er hægt að senda inntökubeiðni á faxi.

Munum að stærð er styrkur.

Njóttu lífsins reyklaus árið 2002!

Nicotinell[®]

nikótín tyggigúmmí
fæst í næsta apóteki.



Nicotinell tyggigúmmí er lyf sem er notað sem hjálparefni til þess að hætta eða draga úr reykingum. Það inniheldur nikótín sem losnar úr því þegar tuggið er, frásogast í munninum og dregur úr fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt. Tyggja skal eitt stykki í einu, hægt og rólega, til að vinna gegn reykingaþörf. Skammtur er einstaklingsbundinn en ekki má tyggja fleiri en 25 stk. á dag. Ekki er ráðlagt að nota lyfið lengur en 1 ár. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja pakkningunni. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Nicotinell[®]
- dreptu í og njóttu lífsins!